# FRÉTTABLAÐIÐ

134. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 12. JÚNÍ 2019





Íslenska karlalandsliðið sýndi allar sínar bestu hliðar í 2-1 sigri á Tyrklandi á Laugardalsvelli í gær. Miðvörðurinn Ragnar Sigurðsson skoraði fyrstu mörk sín í tvö ár og bar af í annars frábæru liði Íslands. Með sigrinum varð Ísland fyrsta liðið til að sigra Tyrkland í undankeppninni og jafnaði Tyrki og Frakka að stigum í H-riðlinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir frá landsleiknum er að finna á +Plús-síðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Andri Már greiddi sig frá málsóknum

Andri Már Ingólfsson greiddi þrotabúi Primera Air tæpar 200 milljónir til þess að forðast málsóknir. Féll einnig frá milljarða kröfum sínum. Forsvarsmenn félagsins voru taldir hafa mögulega valdið því tjóni í tveimur tilvikum.

**VIÐSKIPTI** Andri Már Ingólfsson, fyrrverandi aðaleigandi Primera Air sem var tekið til gjaldþrotaskipta síðasta haust, reiddi fram tæplega 200 milljónir króna í reiðufé til þrotabús flugfélagsins gegn því að fallið yrði frá málsóknum á hendur honum, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Til viðbótar samþykkti Andri Már að falla frá þeim kröfum sem hann hafði lýst í þrotabúið, eins og áður hefur komið fram, en kröfur hans og félaga á hans vegum, þar á meðal félags í eigu dönsku ferðaskrifstofunnar Bravo Tours, námu samanlagt ríflega tveimur milljörðum króna.

**2**

**milljarðar voru kröfur Andra Más og félaga á hans vegum í þrotabú Primera.**

Samkomulag náðist á milli Andra Más og þrotabús Primera Air á Íslandi, sem lögmaðurinn Eiríkur Elís Þorláksson stýrir, í síðasta mánuði. Andri Már var næststærsti kröfuhafi búsins á eftir Arion banka.

Rekstur Primera Air og erlendra dótturfélaga stöðvaðist í október í fyrra þegar félögin voru tekin til gjaldþrotaskipta. Lýstar kröfur í búið nema rúmlega 10 milljörðum króna.

Bankinn þurfti að færa niður tæplega þrjá milljarða króna í ábyrgðum og lánveitingum vegna gjaldþrotsins.

Fram kom í skýrslu skiptastjóra sem var lögð fram á skiptafundi þrotabús flugfélagsins í febrúar að rannsóknir hans hefðu „leitt í ljós að mögulegt sé að fyrirsvarsmenn félagsins hafi bakað því tjón“ í að minnsta kosti tveimur tilvikum.

Auk þess var tekið fram að skiptastjórinn hefði það til skoðunar „hvernig staðið var að reikningsskilum þrotamannsins að öðru leyti“.

Í skýrslunni sagði jafnframt að athugun skiptastjóra á reikningsskilum flugfélagsins kynni að leiða til þess að þrotabúið gæti sótt frekari fjárkröfur á hendur þeim sem báru ábyrgð á reikningsskilunum. Endurskoðendur Primera Air voru frá ráðgjafarfyrirtækinu Deloitte. **– hae, kij / sjá Markaðinn**

## Áhyggjur af orðspori vegna sjókvíaeldis

**FISKELDI** Fjölmörg fyrirtæki hafa opinberlega lýst yfir stuðningi við átaksverkefnið Á móti straumnum – samstarfsverkefni náttúruverndarsamtaka, fyrirtækja og einstaklinga á Íslandi. Átaksverkefnið var sett á fót til að vernda íslenska náttúru fyrir laxeldi í opnum sjókvíum.

„Ísland hefur með réttu stært sig af og gert út á hreinleika, meðal annars í matvælaframleiðslu. Það skýtur því skökku við ef við ætlum að leyfa svo óumhverfisvæna matvælaframleiðslu sem sjókvíaeldi er enda mun það hafa slæm áhrif á það góða orðspor sem við höfum búið okkur til,“ segir Nuno Servo veitingamaður er rekur Sushi Social, Apótekið, Tapas barinn og Sæta svínið. **– ósk / sjá síðu 4**










## Veður




Norðvestan 3-10 m/s. Þokubakkar við vesturströndina, annars bjart veður. Hiti víða 13 til 23 stig, hlýjast á S-landi. Þykknar upp á NA-verðu landinu síðdegis, dálítil rigning þar í kvöld. SJÁ SÍÐU 14

# Metaðsókn í Húsdýragarðinn

**SAMFÉLAG** Alls heimsóttu 26 þúsund manns Fjölskyldu- og húsdýragarðinn í maí. Aðeins hafa einu sinni fleiri sótt garðinn í maímánuði, en það var sama ár og garðurinn var opnaður, árið 1990. Til samanburðar má þess geta að í maí í fyrra voru gestir aðeins 13 þúsund og var það versti maímánuður garðsins frá upphafi.

„Maí var annar aðsóknarmesti maímánuðurinn frá upphafi og júní fer mjög vel af stað,“ segir Logi Sigurfinnsson, forstöðumaður Fjölskyldu- og húsdýragarðsins.

Hann segir að hann búist fastlega við því, ef veður verður áfram gott, að aðsóknin haldist góð.

– la

# Kátir krakkar plokka á Kópavogstúni



Þriðji plokkdagur Vinnuskóla Kópavogs var í gær. Auk 450 starfsmanna Vinnuskólans, bæjarstjórans og fulltrúa Landverndar mætti fjöldi grunnskólakrakka. Nemendur og starfsmenn eru hvattir til að sneiða hjá einnota plasti og skólinn stuðlar að vistvænum innkaupum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Ellen Dahl Wessman, Jón Emil Wessman og Ægir Ib Wessman.

# Þau létust við Múlakot

Fólkið sem lést í flugslysinu við Múlakot að kvöldi hvítasunnudags voru hjónin Ellen Dahl Wessman og Ægir Ib Wessman og sonur þeirra Jón Emil Wessman. Ellen var fædd árið 1964, Ægir Ib árið 1963 og Jón Emil var fæddur árið 1998.

Líðan þeirra tveggja sem komust lífs af er flugvélin hrapaði skammt frá brautarenda er enn sögð vera stöðug. Þau liggja mikið slösuð á sjúkrahúsi í Reykjavík. Er þar um að ræða 24 ára gamlan son Ellenar og Ægis og 19 ára unnustu Jóns Emils.

Tildrög slyssins er nú til rannsóknar hjá lögreglunni á Suðurlandi og rannsóknarnefnd samgönguslysa.




# Allt eftirlit hert vegna veiðiþjófa við Elliðaár

**Mikill veiðiþjófnaður í Elliðaánum varð til þess að eftirlit með ánum er hert og boðað að hvert slíkt tilvik verði kært til lögreglu. Formaður árnefndar mælir ekki með að almenningur reyni að handsama veiðiþjófa á eigin spýtur.**

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta er venju fremur mikið núna,“ segir Ólafur E. Jóhannsson, formaður Elliðaárnefndar Stangaveiðifélags Reykjavíkur, um öldu veiðiþjófnaðar í ánum.

Stangaveiðifélagsmenn hafa undanfarna daga ráðið ráðum sínum vegna þessarar veiðiþjófnaðarbylgju í Elliðaánum og í hádeginu í gær var ákveðið að herða eftirlit. „Það felst í því að eftirlitsferðum með ánum verður fjölgað og lögregla kölluð til þegar upp kemst um ólöglegt athæfi. Þá verða öll veiðibrot – hverju nafni sem þau nefnast – kærð til lögreglu,“ segir í tilkynningu sem Ólafur sendi frá sér.

Á síðustu dögum hefur meðal annars sést til veiðiþjófa í Höfuðhyl, efsta veiðistað Elliðaáa, og í Sjávarfossi, einum neðsta og langgjöfulasta veiðistað árinnar. Í gær voru menn síðan við veiðar neðan árinnar sjálfrar; á göngubrúnni yst á Geirsnefi.

„Það er bannað að veiða lax í sjó og það er einfaldlega brot á landslögum,“ undirstrikar Ólafur.

Að sögn Ólafs reyna veiðiþjófarnir helst fyrir sér þar sem vegur liggur nálægt ánum. „Þá stökkva menn út og gera einhvern usla og geta verið fljótir að forða sér,“ segir hann. Veiðiþjófarnir noti iðulega tól sem eru ekki leyfð við veiðar í Elliðaánum. „Menn eru ekki að fylgja veiðireglum. Við höfum verið að taka stóra spúna og alls konar dót þegar verið er að hreinsa árnar.“

Í Facebook-hópi um Elliðaárnar hafa sumir stungið upp á því að þeir sem verða varir við veiðiþjófa framkvæmi borgaralega handtöku og hirði veiðistangir þjófanna og jafnvel brjóti þær. Aðspurður kveðst Ólafur ekki mæla með slíku. „Ég ætla ekki að biðja neinn að leggja í einhverja harðsvíraða náunga sem virða fólk kannski ekki mikils,“ segir hann. Verði mann varir við eitthvað misjafnt séu þeir beðnir að hafa samband við veiðiverði.

Ólafur segir að nú verði eftirlitsferðum með ánum fjölgað. Megi eiga von á þeim á hvaða tíma sem er. „Aukin harka felst í því að nú verður hvert veiðibrot sem upp kemst kært til lögreglunnar,“ segir hann. Stangaveiðifélagið muni taka málið upp við lögregluna.

„Það verður óskað eftir því að lögreglan sinni þessum útköllum hraðar og betur en gert hefur verið. Við ætlum að kæra hvert einstakt tilvik til lögreglunnar.“

gar@frettabladid.is



Spígsporað með veiðistöng á brúnni við Geirsnef. MYND/ÓLAFUR JÓHANNSSON

> Ég ætla ekki að biðja neinn að leggja í einhverja harðsvíraða náunga sem virða fólk kannski ekki mikils.



Ólafur E. Jóhannsson, formaður Elliðaárnefndar Stangaveiðifélags Reykjavíkur

# Viðarvörn
## fyrir íslenskar aðstæður




# kjörvari

## Notaðu sumarið til að verja viðinn!

Þeir sem til þekkja nota Kjörvara á allt tréverk utanhúss. Reynslan hefur sýnt að Kjörvari er viðarvörn sem er gædd einstökum eiginleikum fyrir íslenskt veðurfar.

**Kjörvari – fyrir íslenskar aðstæður**

**málning**
*- það segir sig sjálft -*

*Útsölustaðir Málningar*: BYKO, Kópavogi • BYKO, Granda • BAUHAUS • Garðar Jónsson málarameistari, Akranesi • Smiðjan Fönix, Hellissandi • Málningarbúðin, Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Lífland, Blönduósi • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO, Akureyri • Ísfell, Ólafsfirði • Launafl, Reyðarfirði • Verslunin PAN, Neskaupstað • BYKO, Selfossi • Miðstöðin, Vestmannaeyjum • Rúnar málari, Grindavík • BYKO, Keflavík

ÍSLENSKA/SIA.IS/MAL 91723 05/19

# Útfararstjóri segir bálförum fjölga vegna umhverfissjónarmiða

**UMHVERFISMÁL** „Þessi aukning gæti vel haft með vitundarvakningu fólks um umhverfismál að gera. Oft talar fólk um að það vilji ekki vera plássfrekt,“ segir Sverrir Einarsson, útfararstjóri hjá Útfararstofu Íslands.

Í Bautasteini, málgagni Kirkjugarðasambands Íslands, var á dögunum birt samantekt á hlutfalli bálfara af heild útfara. Samantektin tekur til tímabilsins 2013 til 2018. Í ljós kom að hlutfallið var 28,6 prósent árið 2013, hækkaði svo í 35,3 prósent árið 2017 og 2018 rauk hlutfall bálfara upp í 39,8 prósent, sem er rétt tæplega tvær af hverjum fimm manneskjum sem kjósa bálför í stað hefðbundinnar útfarar.

**Strax þegar ég byrjaði að vinna við útfararstjórnun ákvað ég að láta brenna mig.**
Sverrir Einarsson, útfararstjóri



Sverrir segir aukninguna stafa fyrst og fremst af því að umfjöllun um bálfarir sé orðin meiri og betri. „Þegar ég byrjaði í þessu fyrir rúmum þrjátíu árum var miklu minni umfjöllun um bálfarir. Nú hefur fólk meiri aðgang að upplýsingum um hvernig þær fara fram.“

**Rétt tæplega tvær af hverjum fimm manneskjum kusu bálför í stað hefðbundinnar útfarar í fyrra.**

Sverrir segir að lengi vel hafi hlutfallsprósenta bálfara hangið í kring um 10-15 prósent.

„Mér hugnast tilfinningin betur að verða brenndur en jarðsettur. Strax þegar ég byrjaði að vinna við útfararstjórnun ákvað ég að láta brenna mig. Það er í rauninni það eina sem ég hef farið fram á þegar ég fell frá, að fólkið mitt sjái til þess að ég verði brenndur.“ – **pk**



**Lögreglustöðin á Sauðárkróki.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Kjósa ekki fulltrúa í stjórn

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglufélag Norðurlands vestra ætlar ekki að kjósa nýjan fulltrúa í stjórn Landssambands lögreglumanna vegna deilunnar um fækkun sérsveitarmanna á landsbyggðinni. Þetta er niðurstaða félagsfundar sem fór fram á lögreglustöðinni á Sauðárkróki í gær.

Fram kemur í yfirlýsingu frá félaginu að hagsmunir félagsins og forystu stjórnar landssambandsins fari ekki saman þegar kemur að bílamálum, málefnum sérsveitar ásamt fata- og tækjamálum.

Fyrir viku ályktaði félagið að afar mikilvægt væri að sérsveit yrði áfram starfrækt á Norðurlandi. Var þá landssambandið hvatt til að „standa í lappirnar“ gagnvart ríkislögreglustjóra sem hefði leyft vandamálum að margfaldast á síðustu árum. – **ab**

## Fékk fallegt bréf frá Kim Jong-un

**BANDARÍKIN** Donald Trump Bandaríkjaforseti sagðist í gær hafa fengið sent „fallegt“ bréf frá norðurkóreska einræðisherranum Kim Jong-un. Viðræður ríkjanna tveggja um kjarnorkuafvopnun Kóreuskaga hafa verið í lamasessi að undanförnu eftir að lítill árangur náðist á leiðtogafundinum í Hanoi í febrúar. Bréfið virðist hins vegar hafa vakið bjartsýni hjá forsetanum. „Ég held að eitthvað afar jákvætt sé í vændum.“ – **þea**

# Fleiri leggjast á árarnar gegn fiskeldi í opnum sjókvíum

**Fyrirtæki og umhverfissamtök lýsa yfir stuðningi við baráttuna gegn fiskeldi í opnum sjókvíum. Veitingamaður sem rekur fjóra veitingastaði í miðborginni segir erlenda viðskiptavini vilja hreina framleiðslu á matvælum og segir orðspor landsins í húfi. Það skipti máli hvaðan hráefnið kemur.**

**FISKELDI** Fjölmörg fyrirtæki hafa opinberlega lýst yfir stuðningi við átaksverkefnið Á móti straumnum – samstarfsverkefni náttúruverndarsamtaka, fyrirtækja og einstaklinga á Íslandi. Átaksverkefnið var sett á fót til að vernda íslenska náttúru fyrir laxeldi í opnum sjókvíum, sem aðstandendur verkefnisins segja að sé bæði áhættusöm og skaðleg grein fyrir íslenska náttúru.

Um 30 fyrirtæki og samtök, þar af tæplega 20 íslensk, hafa lýst yfir stuðningi við verkefnið en áður höfðu aðstandendur þess safnað yfir tíu þúsund undirskriftum þar sem skorað er á stjórnvöld að stíga varlega til jarðar við það að heimila frekari uppbyggingu fiskeldis í opnum sjókvíum.

Veitingamaðurinn Nuno Servo, sem búið hefur í rúman aldarfjórðung hér á landi, er einn þeirra sem styðja átakið. Nuno rekur veitingastaðina Sushi Social, Apótekið, Tapas barinn og Sæta svínið.

„Ísland hefur með réttu stært sig af og gert út á hreinleika, meðal annars í matvælaframleiðslu. Það skýtur því skökku við ef við ætlum að leyfa svo óumhverfisvæna matvælaframleiðslu sem sjókvíaeldi er enda mun það hafa slæm áhrif á það góða orðspor sem við höfum búið okkur til,“ segir Nuno.

„Erlendir viðskiptavinir vilja vera vissir um að sá matur sem þeir snæða sé framleiddur með faglegum og náttúruvænum hætti og þar er laxinn að sjálfsögðu ekki undanskilinn. Það skiptir viðskiptavini okkar máli að vita hvaðan hráefnið kemur.“

Meðal þeirra vandamála sem tengjast sjókvíaeldi í Noregi eru laxalús og slysasleppingar sem geta leitt til þess að eldislax blandist villtum laxi. Hér á landi eru nokkur dæmi um slysasleppingar og tilvik þar sem eldislax hefur veiðst í íslenskum veiðiám.



**Forsvarsmenn Á móti straumnum vilja fara varlega í uppbyggingu fiskeldis í opnum sjókvíum.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Meginmarkmið átaksins Á móti straumnum er að stækkun greinarinnar verði stöðvuð þar til frekari rannsóknir liggja fyrir um umhverfisáhrif hennar.**

Fyrir Alþingi liggja nú tvö frumvörp sjávarútvegsráðherra sem fjalla um fiskeldi. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á frumvörpunum í meðferð þingsins en óvíst er hvort þau verði samþykkt enda fjölmörg mál enn á dagskrá þingsins nú þegar styttist í þinglok.

Nokkur umræða, og um leið átök, hafa verið um fiskeldi hér á landi og hafa náttúruverndarsamtök lagst gegn auknum umsvifum fiskeldis í opnum kvíum. Samtök á borð við Náttúruverndarsamtök Íslands og Landvernd eru meðal þeirra sem hafa lýst yfir stuðningi við fyrrnefnt átak.

Þá vakti það athygli í fyrra þegar íslenska kokkalandsliðið rifti skyndilega styrktarsamningi við Arnarlax þegar í ljós kom að samningurinn hafði ekki verið gerður með vilja og vitund landsliðsmanna. Aðstandendur landsliðsins báðust þó afsökunar nokkrum dögum síðar en það breytti ekki afstöðu kokkanna um að nota ekki hráefni frá fyrirtækinu í verkefnum sínum. **olof@frettabladid.is**




# Hyggst beita sér svo féð skili sér til SÁÁ

**HEILBRIGÐISMÁL** Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra hefur skrifað Sjúkratryggingum Íslands bréf þar sem lögð er áhersla á að tekið sé til við samninga um þá fjármuni sem stjórnvöld hafa lofað SÁÁ. Þetta kom fram í svari ráðherra við fyrirspurn Ingu Sæland, formanns Flokks fólksins, á Alþingi í gær.

Af því 150 milljóna framlagi ríkisins sem þingið samþykkti fyrir áramót hafa 25 milljónir skilað sér til SÁÁ. 125 milljónir eru inni á reikningum Sjúkratrygginga.

„Nú vitum við að það er að fjölga á biðlistanum inn á Vog. Nú bíða 650 manns eftir meðferð og aðstoð á Sjúkrahúsinu Vogi. Þær tölur sem ég hafði áður voru um 600,“ sagði Inga. Góðu fréttirnar væru þó að dregið hefði úr ótímabærum dauða vegna ofneyslu ópíóða og lyfjaeitrunar.



**Svandís Svavarsdóttir er heilbrigðisráðherra.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**25**
**milljónir hafa skilað sér til SÁÁ af 150 sem var lofað.**

Svandís sagði að hún hefði fundað með stjórn SÁÁ vegna málsins, verkefnið væri þó á borði Sjúkratrygginga. „Ég vænti þess að þessir peningar komist fljótt í vinnu fyrir SÁÁ og þá góðu starfsemi sem þar fer fram. Ég mun beita mér í þá veru,“ sagði ráðherrann. – **ab**


4MOTION
FJÖLHÆFASTA FJÖLSKYLDA LANDSINS?
Komdu við hjá sérfræðingum okkar að Laugavegi 174 og kynntu þér úrval Volkswagen atvinnubíla í einni fjölhæfustu fjölskyldu landsins.
Amarok
Crafter
Caddy
Transporter
SÚPER VERÐ!
Glæsilegur og vel útbúinn pallbíll með 3.0 lítra, V6 dísilvél, sjálfvirkum vélarhitara, bakkmyndavél, fjarlægðarskynjara að framan og aftan, regn- og birtuskynjara og 18" álfelgum.
Volkswagen Amarok
Tilboðsverð frá
7.660.000 kr.
Hannaður með þarfir iðnaðarmanna að leiðarljósi og með átta þrepa sjálfskiptingu fyrir allar útgáfur. Fjöldi útfærslna á hleðslurými, farþegarými og aðstoðarkerfi.
Volkswagen Crafter
Verð frá
6.220.000 kr.
SÚPER VERÐ!
Einn vinsælasti atvinnubíll á Íslandi undanfarin ár. Áreiðanlegur, öruggur og fæst í tveimur lengdum, fjórhjóladrifinn og í fjölda útfærslna.
Volkswagen Caddy
Tilboðsverð frá
2.690.000 kr.
Transporter hefur fylgt kynslóðum af fólki sem hefur þurft á traustum og áreiðanlegum vinnuþjarki. Fulkomin stöðugleikastýring, spólvörn og sjö þrepa sjálfskipting.
Volkswagen Transporter
Verð frá
4.590.000 kr.
Sýningarsalurinn okkar á netinu er opinn allan sólarhringinn. Skoðaðu úrvalið!
www.hekla.is/volkswagensalur
Atvinnubílar
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

## Samkynja pör verða lögleg

**BOTSVANA** Lög um allt að sjö ára fangelsisdóm við samkynja samböndum stangast á við stjórnarskrá Botsvana og hafa því verið felld úr gildi. Að þessari niðurstöðu komst hæstiréttur Afríkuríkisins í gær. „Með því að vega að minnihlutahópum er vegið að sjálfsvirðingu mannkyns,“ hafði breska ríkisútvarpið eftir Michael Elburu, einum af þremur dómurum í málinu. Niðurstaðan var samhljóða.

Lögin hafa verið í gildi í Botsvana frá árinu 1965 þegar breska nýlendustjórnin kom þeim á. Botsvanskur nemi ákvað hins vegar að láta reyna á lögin fyrir dómstólum og stóð að lokum uppi sem sigurvegari. – **þea**



**May og Juncker.** NORDICPHOTOS/AFP

## Ekki samningur Juncker og May

**BRETLAND** Evrópusambandið mun ekki gera nýjan útgöngusamning við Breta jafnvel þótt Bretar skipti um forsætisráðherra. Þetta sagði Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar ESB í gær.

Íhaldsflokkurinn velur nú nýjan formann eftir afsögn Theresu May. Hún situr áfram sem forsætisráðherra þar til leiðtogakjöri lýkur. Breska þingið hefur í þrígang hafnað samningnum sem stjórn May gerði við ESB. Íhaldsflokkurinn er klofinn í afstöðu sinni til samningsins og vilja margir fá honum breytt.

„Þetta er ekki samningur á milli Theresu May og Juncker. Þetta er samningur á milli Evrópusambandsins og Bretlands. Það þarf næsti forsætisráðherra að virða. Það verður ekki samið upp á nýtt.“ – **þea**

# Þátttaka Íslands mikilvæg fyrir Atlantshafsbandalagið

**Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, heimsótti Ísland í gær og átti fund með Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra. Ræddu um kjarnorkumál, norðurslóðir og stafræn öryggismál. Helsta deiluefni Katrínar og hins norska Stoltenbergs var hins vegar þjóðerni Leifs Eiríkssonar.**



**Katrín ræddi við Stoltenberg um norðurslóðir, kjarnorku og stafrænt öryggi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**UTANRÍKISMÁL** Atlantshafsbandalagið (NATO) er þakklátt fyrir framlag Íslendinga til þess. Þetta sagði Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri NATO, á blaðamannafundi með Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra í Ráðherrabústaðnum í gær. Stoltenberg var á Íslandi í gær í boði Katrínar. Norðmaðurinn hitti einnig Guðlaug Þór Þórðarson utanríkisráðherra og ræddi til að mynda við fulltrúa Landhelgisgæslunnar er hann lenti á Keflavíkurflugvelli.

„Helstu skilaboð mín eru í dag að þakka ykkur fyrir framlagið,“ sagði Stoltenberg. Hann nefndi eftirlit á Norður-Atlantshafi og framlag Íslands til ýmissa verkefna og aðgerða bandalagsins, til að mynda í Írak og Kósovó. Þá ræddi hann einnig um mikilvægi staðsetningar Íslands. Sagði hana hjálpa til við að „að binda Evrópu og Norður-Ameríku saman“.

Að því er Katrín sagði frá á blaðamannafundinum ræddu þau Stoltenberg um málefni norðurslóða, loftslagsmál, kjarnorkuafvopnun og svokallaðar blandaðar ógnir. Það er að segja öryggisógnir sem eru fjölþættar.

Forsætisráðherrann sagði þau Stoltenberg sammála um að norðurslóðir væru orðnar pólitískari og því fylgdi ýmislegt, bæði neikvætt og jákvætt. „Okkar sýn á Íslandi er að norðurslóðir skuli vera togstreitulaust svæði og við höfum einbeitt okkur að því sem formenn í loftslagsmálum heldur einnig á sviði friðsællar samvinnu,“ sagði Katrín.

Undir þetta tók Stoltenberg. „Boðskapurinn er að á norðurslóðum sé lítil togstreita. Við vinnum að því að viðhalda þeirri stöðu þrátt fyrir að hernaðarviðvera á svæðinu, einkum Rússa, aukist þar.“

> **Helstu skilaboð mín eru í dag að þakka ykkur fyrir framlagið.**
>
> Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri NATO

Norðmaðurinn lýsti áhyggjum sínum af því að INF-kjarnorkusamningurinn, er gerður var eftir leiðtogafund þeirra Reagans og Gorbasjevs í Höfða, væri í hættu „vegna rússneskra samningsbrota“ og sagði bandalagið ætla að halda áfram að kalla eftir því að Rússar færu eftir samningnum.

„Ég held að það hafi auðvitað allir áhyggjur af aukinni togstreitu í þessum málaflokki,“ sagði Katrín og bætti því við að hún vonaði að lausn fyndist á málinu.

Forsætisráðherra sagði einnig auknar áhyggjur af blönduðum ógnum og stafrænu öryggi. Stoltenberg sagði þann málaflokk hluta af þeirri aðlögun Atlantshafsbandalagsins sem nú ætti sér stað. „Við munum halda þeim umræðum áfram þegar við hittumst á ný á leiðtogafundi NATO í Lundúnum í byrjun desember.“

Aðspurður um hvort andstaða Katrínar og flokks hennar við Atlantshafsbandalagsaðild Íslands hefði áhrif á samstarfið sagði Stoltenberg það af og frá. NATO væri bandalag 29 lýðræðisríkja og innan slíkra þrifust mismunandi sjónarmið og skoðanir.

Framkvæmdastjórinn tók fram að hann hefði áður verið forsætisráðherra Noregs í ríkisstjórn þar sem einn flokkanna var andvígur aðild. Samið hefði verið um stefnu ríkisstjórnarinnar og hún hefði verið fylgjandi aðild í heild. „Svarið er nei, þetta hefur ekki valdið neinum vandamálum.“

Helst mátti greina ágreining á fundi Katrínar og Stoltenbergs er þau ræddu um þjóðerni Leifs Eiríkssonar, að því er Katrín sagði sjálf frá á blaðamannafundinum. „Ég held það hafi verið erfiðasta umræðuefnið á fundi okkar.“

**thorgnyr@frettabladid.is**




Milwaukee®
HÁTÍÐIN
REYKJAVÍK
Á morgun, fimmtudaginn 13. júní, kl. 9-17 í Síðumúla 9.
KOMDU OG PRUFAÐU ALLT ÞAÐ NÝJASTA
KAFFI, RÚNSTYKKI OG BAKKELSI UM MORGUNINN
GRILLAÐIR HAMBORGARAR Í HÁDEGINU
VEISLUTERTA YFIR DAGINN
4 Geggjuð klukkutilboð sem gilda einungis á morgun í Reykjavík, 2 klst. í senn.
Gildir kl. 9:00-11:00
1
M12
Borvél 38Nm og HD vagn
M12 höggborvél 38Nm, 2stk 2.0Ah rafhlöður, hleðslutæki, taska og Milwakee HD vagn.
Vnr. MW 899000KLST1
Tilboð 28.900 kr.
Áður 60.800 kr.
AÐEINS 25 SETT Í BOÐI
Gildir kl. 11:00-13:00
2
M18
Borvél 60Nm og höggskrúfvél
M18 borvél 60Nm, höggskrúfvél, 2stk 3.0Ah rafhlöður, hleðslutæki og taska.
Vnr. MW 899000KLST2
Tilboð 49.900 kr.
Áður 84.800 kr.
AÐEINS 20 SETT Í BOÐI
Gildir kl. 13:00-15:00
3
M12
Borvél 30Nm, höggskrúfvél og skoðunar-myndavél
M12 borvél 38Nm, höggskrúfvél, 2stk 2.0Ah rafhlöður, hleðslutæki, taska og skoðunarmyndavél, 9mm með 320×240 upplausn.
Vnr. MW 899000KLST3
Tilboð 38.900 kr.
Áður 78.890 kr.
AÐEINS 20 SETT Í BOÐI
Gildir kl. 15:00-17:00
4
M18 FUEL
Borvél 135Nm, SDS max vél, slípirokkur og úlpa m/hettu
Sett M18 borvél 135Nm, SDS max vél, slípirokkur, 2stk 5.0Ah og 1stk 9.0Ah rafhlöður, hleðslutæki, taska og svört úlpa með hettu.
Vnr. MW 899000KLST4
Tilboð 139.900 kr.
Áður 224.800 kr.
AÐEINS 15 SETT Í BOÐI
ALVÖRU VERKFÆRI
Á ALVÖRU TILBOÐUM
KAUPAUKAR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
M12 FUEL
Borvél og höggborvél
FPP2B-602X
Sett M12 með borvél 44Nm og höggborvél SDS+ 1.1J. Með 2x6.0Ah rafhlöðum og hleðslutæki.
Vnr. MW 4933459813
Tilboð 69.900 kr.
Áður 81.900 kr.
Kaupauki: MILWAUKEE PEYSA og FLASKA
M18 FUEL
Alvöru borvél og herslulykill
FPP2E2-502P
Sett M18 með borvél 135Nm og herslulykli 1/2" 610Nm í PackOut tösku. Með 2x5.0Ah rafhlöðum og hleðslutæki.
Vnr. MW 4933459407
Tilboð 99.900 kr.
Áður 127.900 kr.
Kaupauki: MILWAUKEE PEYSA
M18 FUEL
Borvél og höggskrúfvél
CBLPP2A-402C
Sett M18 með borvél 60Nm og höggskrúfvél 170Nm. Með 2x4.0Ah rafhlöðum og hleðslutæki.
Vnr. MW 4933464536
Tilboð 62.900 kr.
Áður 79.900 kr.
Kaupauki: MILWAUKEE PEYSA og FLASKA
Taktu þátt í happdrættinu! Þú gætir unnið glæsilegt Milwaukee kolagrill og tjald.
M18
Borvél 60Nm
CBLPD-202C
Borvél M18 kolalaus 60Nm, aðeins 165mm að lengd. Með 2x2.0Ah rafhlöðum og hleðslutæki.
Vnr. MW 4933464320
Tilboð 39.900 kr.
Áður 48.900 kr.
Kaupauki: MILWAUKEE BITASETT
M12
Borvél 32Nm
BPD-202
Borvél M12 32Nm með 10mm patrónu. Með 2x2.0Ah rafhlöðum og hleðslutæki.
Vnr. MW 4933441940
Tilboð 26.900 kr.
Áður 35.900 kr.
Kaupauki: MILWAUKEE BITASETT
Packout töskusett
Grunneining með hjólum og 5 töskur.
Vnr. MW 4932464083-1
Tilboð 59.900 kr.
Áður 86.780 kr.
M18 FUEL
Alvöru verkfærasett
FPP4F2-502B
M18 með borvél 135Nm, höggskrúfvél 226Nm, stingsög, fjölnotavél, 5m málbandi, 2x5.0Ah rafhlöðum og hleðslutæki.
Vnr. MW 4933471208
Tilboð 144.900 kr.
Áður 179.900 kr.
Kaupauki: BLUETOOTH HEYRNATÓL og PEYSA
Milwaukee BÍLLINN
Á ferðinni um landið
28. maí – 19. júní
13. JÚNÍ Fimmtudagur Milwaukee hátíðin í Reykjavík Verkfærasalan
18. JÚNÍ Þriðjudagur Höfn í Hornafirði N1
19. JÚNÍ Miðvikudagur Fáskrúðsfjörður Loðnuvinnslan Smiðjan
VERKFÆRA SALAN
Sjáðu öll tilboðin á vfs.is
VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • DALSBRAUT 1, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

# Mögru árin



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Margt gott og viturlegt má finna í sögum Biblíunnar. Þannig er til dæmis rík ástæða til að rifja reglulega upp söguna um draum hins egypska faraós. Hann dreymdi sjö feitar kýr koma upp úr á og á eftir þeim komu sjö aðrar kýr, ljótar og horaðar, sem átu upp hinar sjö fallegu. Draumurinn var ráðinn á þann veg að eftir sjö ára góðæri kæmi sjö ára alvarleg niðursveifla. Skilaboð sögunnar eru þau að til að gera erfiðu árin ögn bærilegri eigi að sýna ráðdeild á uppgangstímum og leggja til hliðar fyrir mögru árin.

Íslendingar voru undrafljótir að jafna sig á efnahagshruni og hafa undanfarin ár búið við mikið góðæri. Í óhóflegri bjartsýni hafa einhverjir þeirra lifað eins og góðærið myndi vara alla tíð og virðist brugðið þegar í ljós kemur að svo muni ekki verða. Samdráttur setur þá úr jafnvægi og fyrir bregður ólundarsvip við tilhugsunina um að gróðinn verði minni en áður. Þetta á sérstaklega við í ferðaþjónustunni. Þegar gróskan var þar hvað mest var veinað yfir hugmyndum um að ferðaþjónustan greiddi sitt til samfélagsins í formi skatta. Ferðaþjónustan var sögð ofurviðkvæm grein sem ætti að njóta alls kyns fríðinda. Á þessu var tekið mark og ferðaþjónustan hefur ekki verið skattlögð eins og ástæða er til. Hún hefur hvað eftir annað verið staðin að okri en rekur upp skaðræðisvein ef einhverjir gera athugasemdir við það. Græðgishugsun hefur verið í forgrunni en fyrirhyggju ekki gætt að sama skapi.

Þetta á ekki einungis við í ferðaþjónustu þótt hún sé hér tekin sem dæmi. Hið sama á við ýmsa aðra, eins og til dæmis fjárfesta og aðra peningagutta sem vilja planta sem flestum lúxusíbúðum og lúxushótelum út um allar trissur, ekki síst í miðbæ Reykjavíkur, og gera sjálfkrafa ráð fyrir að anna ekki eftirspurn. Þar á bæ var gengið út frá því að góðu árin séu komin til að vera. Nú blasir samdráttur við og erfitt er að sjá fyrir sér að lúxushúsnæðið fyllist. Það mun standa á sínum stað, sem eins konar minnismerki um oflátungshátt og veruleikafirringu. Nokkuð sem íslenskur almenningur sá ótal dæmi um á árunum fyrir hrun og hélt að myndi ekki endurtaka sig í bráð.

Þrátt fyrir samdrátt og niðursveiflu munu Íslendingar áfram búa við velsæld þótt hún verði ekki jafn mikil og síðustu ár. Einu einstaklingarnir sem hafa raunverulega ástæðu til að kvarta eru öryrkjar og það launafólk sem býr við lægstu launin og nær engan veginn endum saman. Lítt er hugað að þessum hópi, stundum er eins og viðhorfið sé að hann hafi kallað þetta hlutskipti yfir sig og verði að vinna sig út úr því á eigin spýtur. Það er hægara sagt en gert í þjóðfélagi þar sem fólk á leigumarkaði er fast í vítahring. Megnið af tekjunum fer í svívirðilega háa húsaleigu og ekkert er afgangs til að leggja fyrir. Þetta fólk á ekki nein sérstaklega góð ár heldur endalausa röð af mögrum árum þar sem það reynir að skrimta. Það á að setja hag þessa fólks í forgang, ekki hag þeirra sem vilja græða sem mest.

> **Þetta fólk á ekki nein sérstaklega góð ár heldur endalausa röð af mögrum árum.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Blátt bann**
Þjóðernishyggjan virðist hafa heltekið fótboltaæsta Tyrki. Allt sem Íslendingar gera er ómögulegt. Við megum ekki stoppa landslið þeirra á flugvellinum, róta í töskum né hrista vegabréf þeirra. Svo má alls ekki leyfa Belga að veifa framan í þá uppþvottabursta. Utanríkisráðherrar landanna ræddu saman í gær til að bera klæði á vopnin. Fyrrverandi utanríkisráðherra, Össur Skarphéðinsson, vildi ganga lengra. Á Fésbók hvatti hann landsmenn til að mæta með uppþvottabursta á völlinn. KSÍ lagði hins vegar blátt bann við slíku kynþáttaníði og hirti þá af sniðugum áhangendum.

**Hringt í Jens**
Íslendingar tóku mun betur á móti Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóra NATO, en Tyrkjum. Fékk hann að ferðast hindrunarlaust um götur borgarinnar í lögreglufylgd. Eitt það helsta sem hrjáir íslenska stjórnmála- og umræðuhefð er tregðan til að setja sig í spor annarra. Því getur það ekki verið auðvelt fyrir forsætisráðherra að dekra við samtök sem hún er beinlínis á móti. Hún hefur sagt NATO hluta af málamiðlun ríkisstjórnarflokkanna. Jens og Katrín hafa vissulega hist áður, en í þetta skiptið var það Katrín sem bauð. Það getur ekki hafa verið auðvelt að hringja í Jens.

arib@frettabladid.is

# Svört hvítasunna



Ágúst Ólafur Ágústsson
þingmaður Samfylkingarinnar

Á föstudegi fyrir hvítasunnu birtust djúpt á fylgiskjali númer 7 ótrúlegar breytingartillögur ríkisstjórnarinnar á fjármálaáætlun sinni.

1. Fjárframlög til öryrkja næstu 5 árin eiga að lækka samanlagt um tæpa 8 milljarða frá því sem hafði þegar verið kynnt þegar fjármálaáætlunin var fyrst lögð fram fyrir rúmum 2 mánuðum. Niðurskurður VG, Framsóknar og Sjálfstæðisflokks á Alþingi á fyrirhuguðum fjárveitingum til að bregðast við breyttum aðstæðum í hagkerfinu er einna mestur gagnvart öryrkjum. Það er nú ansi vond pólitík.
2. Nýsköpun og rannsóknir fá tæpa 3 milljarða kr. lækkun samanlagt næstu 5 árin og umhverfismálin lækka um 1,4 milljarða kr. frá því sem hafði verið tilkynnt í fjármálaáætluninni. Framtíðin fær þarna högg.
3. Framhaldsskólar fá 1,8 milljörðum kr. lægri upphæð samanlagt næstu fimm árin miðað við framlagða fjármálaáætlun og minnka heildarframlög til þeirra meira að segja næstu fimm árin þrátt fyrir loforð um að „styttingarpeningarnir“ ættu að haldast og allt tal um „menntasókn“.
4. Menning og æskulýðsmál fá tæplega 9% lækkun á heildarframlögum frá 2019 til 2024.
5. Sjúkrahúsþjónusta fær um 4,7 milljarða kr. lækkun samanlagt næstu 5 árin í breytingartillögunum og heilsugæsla og sérfræðiþjónusta fær um 2 milljarða kr. lækkun næstu 5 árin.
6. Hjúkrunarheimilin fá 3,3% lækkun á fjárframlögum sínum næstu 5 árin þrátt fyrir aukna öldrun þjóðarinnar.
7. Samgöngumál fá 2,8 milljarða kr. lækkun samanlagt næstu fimm árin frá því sem áætlunin gerði fyrst ráð fyrir. Sé litið til heildarútgjalda til samgöngumála þá lækka þau um 17% næstu fimm árin.

Þetta er allt saman gert á sama tíma og veiðileyfagjöldin eru lækkuð niður í upphæð tóbaksgjalda, lækkun bankaskatts er enn í forgangi og við höldum enn í lægsta fjármagnstekjuskatt af öllum Norðurlöndunum.

Viðbrögð formanns Öryrkjabandalagsins við breytingartillögunum voru þessi: „Verða þetta málalokin, verða þessar vanefndir minnisvarði ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur?“

> **Niðurskurður VG, Framsóknar og Sjálfstæðisflokks á Alþingi á fyrirhuguðum fjárveitingum til að bregðast við breyttum aðstæðum í hagkerfinu er einna mestur gagnvart öryrkjum.**




FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Hafnarfjörður í forystu í aukinni sjálfbærni í skipulags- og byggingarmálum



Ólafur Ingi Tómasson
bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði

**Samþykkt bæjarstjórnar er einkar ánægjuleg en e.t.v. lítið skref í stóra samhenginu um umhverfisvernd en lýsir vilja bæjarstjórnar Hafnarfjarðar í umhverfismálum.**

Minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda er mál sem ekki fyrir svo löngu síðan komst í hámæli. Við Hafnfirðingar höfum tekið umhverfismálin alvarlega m.a. með metnaðarfullri umhverfis- og auðlindastefnu þar sem tekið er á flestum málum er varða verndun og betri umgengni við umhverfið auk aðgerðaáætlunar varðandi stefnu Hafnarfjarðar um umhverfis- og auðlindamál.

**Vistvænar framkvæmdir í Hafnarfirði**

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti þann 29. maí tillögur að aðgerðum til að hvetja húsbyggjendur til að setja umhverfið í forgang í samræmi við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, auknar kröfur um minni losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið og aukna umhverfisvitund almennings. Tillögurnar fjalla m.a. um að djúpgámar verði á öllum uppbyggingarsvæðum auk þess sem gert verði ráð fyrir þeim við endurskoðun á skipulagsskilmálum í eldri hverfum. Samþykkt voru ákvæði um endurvinnslu úrgangs á framkvæmdarstað, að minnsta kosti 20% byggingarefna í nýframkvæmdum skuli hafa umhverfisvottun og að Hafnarfjarðarbær móti sér stefnu um vottun (BREEAM, Svanurinn eða sambærilegt) allra nýbygginga á vegum sveitarfélagsins. Samþykkt var að innleiða hvata til framkvæmdaraðila til þess fá Svansvottun, BREEAM-vottun eða sambærilegt á nýbyggingar, meðal annars í formi afsláttar af lóðaverði. Samþykkt var að afsláttur af lóðarverði vegna Svansvottaðs húss verði 20%, að byggingar með BREEAM-einkunn „Very good“ 55% fái 20% afslátt af lóðarverði og við BREEAM-einkunn „Excellent“ 70% verði afsláttur af lóðarverði 30%. Þá samþykkti bæjarstjórn jafnframt að Hafnarfjörður gerist aðili að Grænni byggð.

**Í stóra samhenginu**

Samþykkt bæjarstjórnar er einkar ánægjuleg en e.t.v. lítið skref í stóra samhenginu um umhverfisvernd en lýsir vilja bæjarstjórnar Hafnarfjarðar í umhverfismálum. Í stóra samhenginu þar sem byggingar og byggingariðnaðurinn á heimsvísu er talinn ábyrgur fyrir um 25%-35% losunar gróðurhúsalofttegunda má e.t.v. segja að samþykkt okkar í Hafnarfirði megi sín lítils en eins og máltækið segir „margt smátt gerir eitt stórt“, þannig munum við ná árangri í umhverfismálum.

# Stórfelld uppbygging vegna orkuskipta



Guðmundur Ingi Guðbrandsson
umhverfis- og auðlindaráðherra

Ég hef farið ferða minna hjólandi í mörg ár, nota oft strætó og átti bíl í eitt og hálft ár fyrir nær 15 árum. Hins vegar skil ég vel að slíkt henti sumum illa og öðrum bara alls ekki. Og þótt brýnt sé að gera fólki kleift að velja almenningssamgöngur, hjólreiðar og annað slíkt til að komast á milli staða, verða bílar áfram til samhliða þessu. Hvað er þá til ráða þegar losun gróðurhúsalofttegunda frá vegasamgöngum er afar mikil – raunar þriðjungur allrar þeirrar losunar sem við þurfum að standa skil á gagnvart Parísarsamkomulaginu?

Svarið er að við verðum að hætta að brenna jarðefnaeldsneyti til að knýja bílaflotann okkar áfram. Þess í stað þurfum við að nota endurnýjanlega orku. Annað er ósjálfbært. Við þurfum að ná orkuskiptum í vegasamgöngum. Við eigum þegar að baki álíka byltingu þegar við hættum að brenna kolum til að kynda upp húsin okkar og komum þess í stað upp hitaveitu. Bann við nýskráningum bensín- og dísilbíla árið 2030 er hluti af aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum og bílaorkuskiptin ganga raunar vel. Ísland er nú í öðru sæti í heiminum á eftir Noregi hvað varðar nýskráningar rafbíla, auk þess sem stjórnvöld kynntu fyrr í vikunni aðgerðir sem skipta miklu til að tryggja að orkuskiptin gangi hratt og örugglega fyrir sig.

**Fjárfesting upp á milljarð**

Fjármagni verður veitt til uppbyggingar hraðhleðslustöðva um allt land, með áherslu á næstu kynslóð hleðslustöðva sem bjóða upp á mun styttri hleðslutíma en núverandi stöðvar gera. Mikilvægt er að koma upp þéttu neti af stöðvum til að koma í veg fyrir sóun og offjárfestingu fólks í stórum og langdrægum rafhlöðum. Einnig verður ráðist í sérstakt verkefni með ferðaþjónustunni, enda áhrif innkaupa bílaleiga á samsetningu bílaflotans hér á landi afar mikil. Tæpur helmingur allra nýskráðra bifreiða á Íslandi eru bílaleigubílar og lykilatriði að ná þar fram orkuskiptum, þar sem bílaleigubílar verða síðar að heimilisbílum landsmanna þegar þeir eru seldir á eftirmarkaði.

Fram undan er síðan að fullvinna tillögur varðandi metan, vetni, lífeldsneyti, orkuskipti í almenningssamgöngum og fleiri mikilvæga þætti. Tilkynnt var um ráðstöfun 450 milljóna króna vegna orkuskipta á árunum 2019-2020 en heildarfjárfestingin eingöngu af þessari fyrstu upphæð gæti slagað hátt í milljarð, enda er gert ráð fyrir mótframlögum við veitingu fjárfestingarstyrkjanna.

Við höfum allt hér á landi sem þarf til að vera í fararbroddi í heiminum í orkuskiptum í samgöngum.

JAGUAR LAND ROVER

NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6



**BMW 640 D Grand Coupe**
Nýskr. 5/2014, ekinn 23 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 7.490.000 kr.**
Rnr. 420044.



**JAGUAR F-PACE Portfolio**
Nýskr. 11/2017, ekinn 25 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 8.990.000. kr.**
Rnr. 145639 .



**RANGE ROVER Velar S**
Nýskr. 2/2019, ekinn 2 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 11.290.000 kr.**
Rnr. 420114.



**RANGE ROVER SPORT SE**
Nýskr. 5/2017, ekinn 61 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 10.900.000 kr.**
Rnr. 103855.



**PORSCHE Cayenne S e-hybrid**
Nýskr. 11/2016, ekinn 31 þús. km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur.
**Verð 9.490.000 kr.**
Rnr. 420113 .



**JAGUAR XE 2.0 i4 Prestige**
Nýskr. 7/2017, ekinn 23 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 4.990.000 kr.**
Rnr. 420131 .



**RANGE ROVER SPORT HSE Dynamic**
Nýskr. 3/2017, ekinn 30 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 13.990.000 kr.**
Rnr. 420077.



**LAND ROVER Discovery Sport HSE**
Nýskr. 4/2016, ekinn 30 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 6.490.000 kr.**
Rnr. 103786 .

APPROVED
CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðaferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla.
Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.

**JAGUAR - LAND ROVER**
Hesthálsi 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is

ENNEMM / SÍA / NM94278



Tyrkirnir réðu ekkert við Íslendinga í fyrri hálfleik þegar Ragnar Sigurðsson skoraði tvívegis eftir föst leikatriði og voru Íslendingar óheppnir að skora ekki fleiri mörk. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK




# Léku við hvern sinn fingur í sigri á Tyrkjum

**Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu vann verðskuldaðan 2-1 sigur á Tyrklandi í gær og deilir efsta sæti H-riðils með Tyrkjum og Frökkum. Fyrri hálfleikurinn í gær var einn sá besti sem íslenska liðið hefur leikið í langan tíma.**

**EM 2020** Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu er komið aftur á beinu brautina og deilir efsta sæti H-riðils í undankeppni EM 2020 með Frökkum og Tyrkjum eftir verðskuldaðan 2-1 sigur á Tyrklandi í gær. Ísland fær því fullt hús stiga í þessu landsleikjahléi og er enn með örlögin í eigin höndum í undankeppni EM.

Eftir sigur Tyrkja á Frökkum á dögunum mátti Ísland varla við því að stíga feilspor í gær en Tyrkirnir stóðust Íslendingum ekki snúning í fyrri hálfleik. Miðvörðurinn Ragnar Sigurðsson, sem var að leika sinn 88. leik og jafnaði með því Eið Smára Guðjohnsen sem 4. leikjahæsti leikmaðurinn í sögu karlalandsliðsins, kom Íslandi verðskuldað yfir snemma leiks eftir aukaspyrnu. Ragnar var aftur á ferðinni skömmu síðar eftir annað fast leikatriði og var það fyllilega verðskuldað að Ísland skyldi skora tvö mörk í þessum fyrri hálfleik.

Íslenska liðið fékk aragrúa af færum í fyrri hálfleik og voru Strákarnir okkar eflaust hundsvekktir að ná aðeins tveimur mörkum í fyrri hálfleik. Hvað þá þegar Tyrkjum tókst, þvert á gang leiksins, að minnka muninn rétt fyrir lok fyrri hálfleiks með skalla úr horni.

Í seinni hálfleik færði tyrkneska liðið sig ofar á völlinn til að reyna að ná jöfnunarmarki en íslenska liðið stóðst öll áhlaup Tyrkja og landaði stigunum þremur á heimavelli.

Næstu leikir Íslands eru í Moldóvu og Albaníu í haust og eftir skellinn gegn Frökkum á dögunum eru Strákarnir okkar svo sannarlega komnir á flug á ný.

kristinnpall@frettabladid.is

## Undankeppni EM

Ísland **2** – **1** Tyrkland

**Skot** (á mark): 16 (8) – 11 (3).
**Horn**: 4– 6.
**Rangstöður**: 4 – 1.

### Frammistaða Íslands (4-4-2)

| | |
|---|---|
| Hannes Þór Hallórsson | 7 |
| Hjörtur Hermannsson | 7 |
| Kári Árnason | 7 |
| Ragnar Sigurðsson | 9 |
| Ari Freyr Skúlason | 7 |
| (69. Hörður Björgvin Magnússon | 6) |
| Jóhann Berg Guðmundsson | 8 |
| (80. Arnór Ingvi Traustason | -) |
| Aron Einar Gunnarsson | 8) |
| Emil Hallfreðsson | 7 |
| Birkir Bjarnason | 8 |
| Gylfi Þór Sigurðsson | 8 |
| Jón Daði Böðvarsson | 9 |
| (64. Kolbeinn Sigþórsson | 6) |

### Maður leiksins

**Ragnar Sigurðsson**



Ragnar var frábær á báðum endum vallarins í gær. Hann skoraði bæði mörk Íslands í leiknum eftir vel upp sett föst leikatriði og var ekki langt frá því að bæta við þriðja markinu. Í vörninni var hann óaðfinnanlegur með Burak Yilmaz, framherja Tyrkja, í vasanum frá byrjun allt til leiksloka.




Íslenska liðið sýndi enn og aftur í gær að á góðum degi standast fá lið í þessum heimi íslenska liðinu snúning.

# Sýndu sitt rétta andlit

Karlalandsliðið vann 2-1 sigur á Tyrklandi í undankeppni Evrópumótsins 2020 í gær. Strákarnir okkar eru komnir aftur á beinu brautina í H-riðlinum.









Erik Hamrén réð sér varla fyrir kæti í leikslok enda himinlifandi með stigin sex sem Ísland fékk í þessari landsleikjalotu.

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 12. júní 2019

23. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









# Tíu milljarða tæknirisi á Akranesi

Í tæplega átta þúsund íbúa bæjarfélagi hefur risið blómlegt hátæknifyrirtæki í matvælaiðnaði. Fyrir tveimur árum fjárfesti Skaginn 3X fyrir tvo milljarða króna í rekstrinum til að leggja grunn að frekari vexti. Fyrirtækið hefur vaxið um tíu prósent á ári. » 6

**Við stefnum á að velta fyrirtækjanna þriggja fari yfir tíu milljarða króna í ár.**

Ingólfur Árnason, eigandi og framkvæmdastjóri Skagans 3X

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



»2

## Selja Café Paris og með minnihluta í Snaps

Eignarhlutur stofnenda Snaps hefur minnkað og fara þeir nú með minnihluta á móti Birgi Bieltvedt. Keypti hlut þeirra í Café Paris. Hætta afskiptum af daglegum rekstri Snaps.

»4

## Andri greiddi búi Primera Air nærri 200 milljónir

Andri Már Ingólfsson greiddi þrotabúi Primera Air tæpar 200 milljónir til að forðast málsóknir af hálfu búsins. Hann féll jafnframt frá milljarða kröfum sínum.

»10

## Eiga samkeppnislög aðeins við í Reykjavík?

„Líklegra er að samkeppnisleg vandamál komi upp á smásölumörkuðum á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Valur Þráinsson, aðalhagfræðingur Samkeppniseftirlitsins, í aðsendri grein.




# Íslendingar fengu fimm prósent af útboði Marel

Íslenskir fjárfestar fengu aðeins úthlutað í kringum fimm prósent af þeim 47 milljarða króna hlut sem seldur var í nýafstöðnu hlutafjárútboði Marel, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Í útboðinu, sem efnt var til samhliða skráningu Marel í Euronext-kauphöllina í Amsterdam, voru 90,9 milljónir nýrra hluta í félaginu seldar á genginu 3,7 evrur á hlut, jafnvirði um samanlagt 47 milljarða króna, en komi til nýtingar valréttar á 9,1 milljón hluta til viðbótar mun heildarfjárhæð útboðsins hækka í tæplega 52 milljarða króna.

Margföld umframeftirspurn var í útboðinu, bæði frá fagfjárfestum og almennum fjárfestum, og lét Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marel, hafa eftir sér í tilkynningu að útboðið hefði dreifst vel til fjárfesta í Bretlandi, Bandaríkjunum, Íslandi, Hollandi og fleiri löndum.

Hlutabréfaverð í Marel hefur hækkað um sjö prósent í Euronext-kauphöllinni, miðað við útboðsgengið, frá því að viðskipti hófust með bréfin á föstudag. Stóð gengið í 3,96 evrum á hlut þegar mörkuðum var lokað í gær. Markaðsvirði Marel er í dag um 424 milljarðar. **– kij**

# Emerson Collective eignast hlut í Kerecis

Samtökin Emerson Collective, sem voru stofnuð af Laurene Powell Jobs, ekkju Steve Jobs, stofnanda Apple, breyttu í síðasta mánuði kröfum sínum á hendur íslenska nýsköpunarfyrirtækinu Kerecis í hlutafé fyrir 390 milljónir, samkvæmt gögnum sem borist hafa fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.

Fjöldi fjárfesta, einkum hluthafar í Kerecis, breytti kröfum á hendur félaginu í hlutafé á gengi í kringum 1.570 krónur á hlut og var samanlagt kaupverð um 732 milljónir króna.

Emerson Collective, sem eru nefnd í höfuðið á heimspekingnum Ralph Waldo Emerson, fjárfesta aðallega í nýsköpunarfyrirtækjum en samtökin fara einnig meðal annars með hlut í tímaritinu The Atlantic, fréttasíðunni Axios Media og kennslufyrirtækinu Amplify.

Á meðal annarra fjárfesta sem breyttu kröfum sínum á hendur Kerecis í hlutafé voru Omega, í eigu Novator, fjárfestingafélags Björgólfs Thors Björgólfssonar, fyrir 124 milljónir, lyfjafyrirtækið Alvogen fyrir 45 milljónir króna og sjóðir á vegum GAMMA Capital Management fyrir 109 milljónir en félögin hafa verið í hluthafahópi nýsköpunarfyrirtækisins um nokkurt skeið.

Hlutafé Kerecis hefur verið aukið um 30 prósent á síðustu tveimur mánuðum og stendur nú í 6,2 milljónum hluta. Miðað við almenna gengið í hlutafjárhækkuninni, um 2.000 krónur á hlut, gæti virði félagsins verið allt að 12,4 milljarðar króna. **– kij**



**Laurene Powell Jobs, stofnandi Emerson Collective.**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG Torg**, Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **550 5051**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is




# Selja Café Paris og með minnihluta í Snaps

**Eignarhlutur stofnenda Snaps, þeirra Sigurgísla og Stefáns Melsted, hefur minnkað og fara þeir nú með minnihluta í staðnum á móti fjárfestinum Birgi Þór Bieltvedt. Keypti jafnframt allan hlut þeirra í Café Paris. Hætta öllum afskiptum daglegum rekstri Snaps.**



**Stefán og Sigurgísli stofnuðu Snaps árið 2012.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Veitingamennirnir Sigurgísli Bjarnason og Stefán Melsted, sem eru stofnendur veitingastaðarins Snaps, hafa gengið frá sölu á hlut sínum í Café Paris til Birgis Þórs Bieltvedt fjárfestis. Eftir viðskiptin á Eyja fjárfestingafélag, sem er í eigu þeirra Birgis og eiginkonu hans Eyglóar Kjartansdóttur, nú allt hlutafé í veitingastaðnum.

Þá hefur Birgir á sama tíma einnig aukið við eignarhlut sinn í Snaps og hefur Eyja fjárfestingafélag núna eignast meirihluta á móti félögum í eigu þeirra Sigurgísla og Stefáns. Þetta staðfestir Stefán í samtali við Markaðinn en hann vildi ekki upplýsa um hversu stór samanlagður eignarhlutur hans og Sigurgísla væri í Snaps í dag eftir viðskiptin.

Með þeim breytingum sem hafa orðið á eignarhaldi Snaps, en þau hjónin Birgir og Eygló fjárfestu fyrst í Snaps á árinu 2016, hafa þeir Sigurgísli og Stefán samhliða hætt öllum afskiptum af daglegum rekstri staðarins en munu hins vegar sitja áfram í stjórn fyrirtækisins.

Stefán hefur undanfarin ár verið framkvæmdastjóri Snaps, sem er einn vinsælasti veitingastaður landsins, en Sigurgísli var framkvæmdastjóri eignarhaldsfélagsins Jubileum sem hefur fram að þessu átt Snaps og Café Paris.

Birgir og Eygló hafa á undanförnum árum meðal annars fjárfest í Domino's á Íslandi, sem var síðar selt til Domino's í Bretlandi með milljarða króna hagnaði, opnað Joe & The Juice hérlendis, Brauð & Co og fjárfest að auki í veitingastaðnum Gló.

Samstarf þeirra Sigurgísla og Stefáns við Birgi hófst fyrir þremur árum, en þá hafði Birgir nýlega gengið frá kaupum á Jómfrúnni, þegar Birgir kom inn í hluthafahóp Snaps og skömmu síðar keyptu þeir saman Café Paris. Eignarhlutirnir voru þá sameinaðir undir eignarhaldsfélaginu Jubileum en það átti einnig um tíma hlut í Jamie's Italian sem varð gjaldþrota síðastliðið haust. Áður en að því kom hafði rekstrinum verið skipt upp og Sigurgísli og Stefán dregið sig bæði út úr starfsemi Jamie's og Jómfrúarinnar.

Í árslok 2018 áttu tvö félög í eigu Sigurgísla og Stefáns – Sæmundur ehf. og B48 ehf. – hvort um sig 20 prósenta hlut í Jubileum en Birgir fór með 60 prósenta hlut í gegnum Eyju fjárfestingafélag. Félagið Jubileum fer hins vegar ekki lengur með eignarhaldið á Snaps og Café Paris.

Snaps velti 591 milljón króna á árinu 2017 og var rekinn með átta milljóna króna hagnaði. Árið áður nam hagnaðurinn 37 milljónum króna. Café Paris velti á sama tíma 351 milljón en tapaði 169 milljónum króna. Tapið skýrðist fyrst og fremst af því að fjárfest var ríkulega í staðnum Paris og ráðist í umbætur sem kostuðu um 150 milljónir.

Í viðtali við Markaðinn í desember sagði Sigurgísli að afkoman á Snaps yrði betri á árinu 2018 en árið áður en hins vegar hefði rekstur Café Paris verið þungur. Þar spilaði ekki síst inn í slæmt veður sumarið 2018. Í lok árs 2018 voru samtals um 130 manns á launaskrá hjá Café Paris og Snaps og þar af upp undir 60 manns í fullu starfi. **hordur@frettabladid.is**

# Bætir ekki við sig í HS Veitum



**Um 15 prósenta hlutur í HS Veitum var settur í söluferli í síðasta mánuði.**

Bæjarráð Reykjanesbæjar ákvað á fundi sínum í lok síðasta mánaðar að gera ekki tilboð í hlut í HSV eignarhaldsfélagi, næststærsta hluthafa HS Veitna með ríflega þriðjungshlut, en tæplega 42 prósenta hlutur í eignarhaldsfélaginu var settur í opið söluferli í byrjun maímánaðar.

„Við förum bara yfir það hvort þetta væri tækifæri sem við vildum skoða en það var ákveðið að lokum að gera það ekki," segir Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, sem er stærsti hluthafi HS Veitna með liðlega helmingshlut, í samtali við Markaðinn.

Í fundargerð sem birt hefur verið á vef sveitarfélagsins kemur fram að Þórbergur Guðjónsson og Lilja Gylfadóttir, starfsmenn fyrirtækjaráðgjafar Arion banka, hafi mætt á umræddan fund bæjarráðs og gert þar grein fyrir málinu.

Eins og greint var frá í Markaðinum í liðnum mánuði eru Akur fjárfestingar og Tryggingamiðstöðin á meðal þeirra hluthafa í HSV eignarhaldsfélagi sem hyggjast selja sinn hlut í félaginu en auk þess munu lífeyrissjóðir selja hluta af sínum bréfum.

Söluferlið hófst formlega í byrjun síðasta mánaðar undir umsjón fyrirtækjaráðgjafar Kviku banka.

Í stuttri fjárfestakynningu vegna söluferlisins, sem ber heitið Project Heat og Markaðurinn hefur undir höndum, kemur meðal annars fram að áætlaður hagnaður HS Veitna fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta fyrir þetta ár sé um 2,9 milljarðar króna og að tekjur muni aukast um liðlega 500 milljónir og verða samtals rúmlega 7,4 milljarðar króna.

Reykjanesbær er stærsti hluthafi HS Veitna með 50,1 prósents hlut en aðrir hluthafar eru HSV eignarhaldsfélag með 34,4 prósenta hlut, Hafnarfjarðarbær með 15,4 prósenta hlut og Sandgerðisbær sem fer með 0,1 prósents hlut. **– kij**



**Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar.**

**74**

**milljarðar króna eru áætlaðar tekjur HS Veitna á árinu 2019.**




*Ford tekur þig lengra*
*Komdu, reynsluaktu og upplifðu nýjan Ford Focus*

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is

# Greiddi búi Primera um 200 milljónir

**Andri Már Ingólfsson greiddi þrotabúi Primera Air tæpar 200 milljónir króna til að forðast málsóknir af hálfu búsins. Hann féll jafnframt frá milljarða kröfum sínum í búið. Forsvarsmenn félagsins voru taldir hafa mögulega valdið því tjóni í tveimur tilvikum.**


Andri Már Ingólfsson, fyrrverandi aðaleigandi Primera-samstæðunnar, en hann lýsti um tveggja milljarða kröfum í þrotabú flugfélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Andri Már Ingólfsson, fyrrverandi aðaleigandi Primera Air sem var tekið til gjaldþrotaskipta síðasta haust, reiddi fram tæplega 200 milljónir króna í reiðufé til þrotabús flugfélagsins gegn því að fallið yrði frá málsóknum á hendur honum, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Til viðbótar samþykkti Andri Már að falla frá þeim kröfum sem hann hafði lýst í þrotabúið, eins og áður hefur komið fram, en kröfur hans og félaga á hans vegum, þar á meðal félags í eigu dönsku ferðaskrifstofunnar Bravo Tours, námu samanlagt ríflega tveimur milljörðum króna.

Greint var frá því á vef Viðskiptablaðsins í síðasta mánuði að samkomulag hefði tekist á milli Andra Más og þrotabús Primera Air á Íslandi, sem hæstaréttarlögmaðurinn Eiríkur Elís Þorláksson stýrir, um að búið félli frá þeim riftunarmálum sem það hugðist höfða á hendur Andra Má en ekki hefur áður verið upplýst um eingreiðsluna sem Andri Már þurfti að inna af hendi til búsins.

Andri Már, sem var næststærsti kröfuhafi þrotabúsins á eftir Arion banka, sagði í samtali við Viðskiptablaðið í kjölfar samkomulagsins að frá sínum bæjardyrum séð væri málinu lokið. Hann hefði tapað gríðarlegum fjárhæðum á gjaldþroti Primera Air.

„Það er auðvitað mikil eftirsjá að svona skyldi fara fyrir félagi sem hafði verið í góðum rekstri í fjórtán ár,“ sagði hann.

Rekstur Primera Air og erlendra dótturfélaga stöðvaðist sem kunnugt er í október í fyrra þegar félögin voru tekin til gjaldþrotaskipta. Lýstar kröfur í búið nema rúmlega 10 milljörðum króna og af þeim nema kröfur frá Arion banka samtals um 4,8 milljörðum króna.

Bankinn þurfti að færa niður tæplega þrjá milljarða króna í ábyrgðum og lánveitingum vegna gjaldþrotsins.

Fram kom í skýrslu skiptastjóra sem var lögð fram á skiptafundi þrotabús flugfélagsins í febrúar síðastliðnum og Markaðurinn hefur undir höndum að rannsóknir skiptastjórans hefðu „leitt í ljós að mögulegt sé að fyrirsvarsmenn félagsins hafi bakað því tjón“ í að minnsta kosti tveimur tilvikum.

**2**

**milljarðar króna voru kröfur Andra Más Ingólfssonar og félaga á hans vegum í þrotabú Primera Air á Íslandi.**

Auk þess var tekið fram að skiptastjórinn hefði það til skoðunar „hvernig staðið var að reikningsskilum þrotamannsins að öðru leyti“.

Í skýrslunni sagði jafnframt að athugun skiptastjóra á reikningsskilum flugfélagsins kynni að leiða til þess að þrotabúið gæti sótt frekari fjárkröfur á hendur þeim sem báru ábyrgð á reikningsskilunum. Endurskoðendur Primera Air voru frá ráðgjafarfyrirtækinu Deloitte.

**Draga ársreikninga í efa**

Í umfjöllun Markaðarins í nóvember kom fram að endurskoðendur sem höfðu rýnt í ársreikninga félaga innan Primera-samstæðunnar fyrir 2017 teldu vafa leika á því að þeir væru í samræmi við lög, reglur og góða endurskoðunarvenju. Töldu þeir til að mynda vandséð að víkjandi lán sem Primera Air var veitt frá tengdum aðila geti talist til eigin fjár félagsins en án lánsins hefði eigið fé þess verið neikvætt um 16,3 milljónir evra, jafnvirði 2,2 milljarða króna, í árslok 2017.

Þá sögðu þeir óvíst hvort félaginu hefði verið heimilt að innleysa 13,3 milljóna evra söluhagnað á árinu 2017 vegna endursölu á Boeing-flugvélum sem voru enn í smíðum og yrðu afhentar í apríl árið 2019.

Andri Már hafnaði því að ranglega hefði verið staðið að gerð ársreikninga félaga innan Primera-samstæðunnar.

Eins og Markaðurinn hefur greint frá lýsti skiptastjóri þrotabúsins yfir riftun á tveimur ráðstöfunum Primera Air upp á samtals um 520 milljónir króna í lok nóvember í fyrra. Þeim riftunum var mótmælt en fram kom í skýrslu skiptastjórans frá því í febrúar að hann hefði í hyggju að höfða riftunarmál, meðal annars á hendur Andra Má, og láta reyna á endurheimt þeirra verðmæta fyrir dómstólum. Nú er hins vegar ljóst að ekkert verður af málsóknum gegn fyrrverandi aðaleiganda ferðaþjónustusamstæðunnar.

**hordur@frettabladid.is**
**kristinningi@frettabladid.is**

## Fagna stjórnendabreytingum hjá Sýn

Hlutabréfagreinendur Landsbankans líta miklar breytingar á stjórnendateymi Sýnar jákvæðum augum. Þær séu nauðsynlegar í ljósi erfiðleika í rekstri fyrirtækisins. Á árinu hafa forstjóri, fjármálastjóri og sjö aðrir stjórnendur látið af störfum. Þetta kemur fram í nýju verðmati, sem Markaðurinn hefur undir höndum.

Sérfræðingar bankans horfa meðal annars til þess að nýir stjórnendur þekki vel til félagsins og þeirra markaða sem það starfi á. „Það á hins vegar eftir að koma í ljós hverjar verða áherslur nýrra stjórnenda og hvernig þeir fara að því að snúa vörn í sókn,“ segir í greiningunni. Mikið verk sé fyrir höndum við að endurheimta viðskiptavini og halda tekjum og framlegð.

Bent er á að verkefni tengd sameiningu Vodafone við fjölmiðla 365 sé flestum lokið eða þau séu langt á veg komin og færeyska fjarskiptafélagið Hey hafi verið selt, sem sé af hinu góða því stjórnendur þurfi að einbeita sér að rekstrinum á Íslandi. Þetta ætti að auðvelda stjórnendunum að beina sjónum að samkeppninni á markaðnum.

Í verðmati Landsbankans er talið að EBITDA Sýnar, það er hagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir, verði við miðju spábils stjórnenda fyrirtækisins, eða 6.138 milljónir króna. „Eftir ítrekaða ofspá fyrrverandi stjórnenda á horfum félagsins teljum við að núverandi spá félagsins fyrir 2019 hljóti að vera hófsöm,“ segja greinendurnir.


Heiðar Guðjónsson tók við sem forstjóri Sýnar í apríl síðastliðnum.

**» Á árinu hafa forstjóri, fjármálastjóri og sjö aðrir stjórnendur Sýnar látið af störfum.**

Landsbankinn lækkaði verðmat sitt í 42,5 krónur á hlut á föstudag en markaðsgengið var 35,7 í gærmorgun. Bankinn birti síðasta verðmat í lok mars á síðasta ári sem hljóðaði upp á 77,8 krónur á hlut. Í verðmatinu er ekki gert ráð fyrir viðsnúningi í rekstri strax heldur er beðið eftir sýnilegum árangri í rekstri þar til reiknað er með verulegum rekstrarbata. – hvj

## Félag Guðbjargar hagnast um liðlega milljarð króna

ÍV fjárfestingafélag, sem er í eigu Guðbjargar Matthíasdóttur og fjölskyldu, aðaleigenda Ísfélagsins í Vestmannaeyjum, hagnaðist um ríflega einn milljarð króna á síðasta ári, samkvæmt nýlegum ársreikningi félagsins, og jókst hagnaðurinn um 410 milljónir króna frá fyrra ári.

**15,6**

**milljarðar króna var eigið fé ÍV fjárfestingafélags í lok síðasta árs.**

Hagnaður síðasta árs skýrist að mestu af áhrifum dótturfélaga fjárfestingafélagsins sem voru jákvæð um samanlagt 986 milljónir króna.

Fjárfestingafélag Guðbjargar, sem fer meðal annars með 89 prósenta hlut í Ísfélagi Vestmannaeyja, átti eignir upp á 15,6 milljarða króna í lok síðasta árs en þar af er hluturinn í útgerðinni bókfærður á um 13,8 milljarða króna.

Í ársreikningnum kemur auk þess fram að félagið hafi greitt móðurfélaginu, Fram, 428 milljónir króna í arð á síðasta ári borið saman við 3,3 milljarða króna árið 2017.



Auk hlutarins í Ísfélagi Vestmannaeyja á fjárfestingafélagið einnig hlutabréf í meðal annars Símanum og Tryggingamiðstöðinni en félagið komst fyrr á árinu í hóp stærstu hluthafa síðastnefnda félagsins með 1,33 prósenta hlut. Fyrir átti annað félag í eigu fjölskyldunnar, Kristinn, um 1,14 prósent í tryggingafélaginu en til viðbótar eiga félög Guðbjargar hlut í félaginu í gegnum framvirka samninga hjá Íslandsbanka, eins og Markaðurinn hefur áður greint frá. – kij


Miklu meira en bara ódýrt
ViAir 12V loftdælur
í miklu úrvali
frá 4.995
Hjólafesting á bíl
8.995
Loftdæla OMEGA
12V 30L
Álskóflur
frá 1.999
4.895
Viðgerðarbretti
Sonax hreinsivörur
á frábæru verði
Háþrýstidæla
1200W 100Bör
9.999
Hjólatjakkur
2T m/tösku
3.795
Öflugar
háþrýstidælur
165Bör
2100W
22.999
Háþrýstidæla
1400W 105Bör
14.999
6T Búkkar
605mm Par
9.999
frá 1.495
Startkaplar
4.995
Hleðslutæki 12V 6A
34.995
Verkfæraskápur
á hjólum
59.995
Verkfæraskápur
á hjólum m/verkfærum
Mikið úrval af
verkfæratöskum
frá 795
Steðjar í
miklu úrvali
7.995
1/2 Toppasett
3.995
1/4 Toppasett
Vice Multi
angle
6.985
14.995
1/2+1/4
Toppasett Kraft-
mann 94stk
5.995
Verkfærasett
108 stk
4.985
Skrall-lyklar 8-17
Fjöltengi í miklu úrvali,
1.5M/3M/5M 3/
4/5/6/8 tengla
Lunchbox útvarp
ryk/regn/
frostþolið
24.995
Ruslapokar
10,20,50stk
frá 395
frá 395
Ruslatínur
Hjólbörur 100kg
3.995
Frábært úrval af
dragböndum/
ströppum
Skóflur
frá 995
Laufahrífur
frá 999
Strákústar
685
Myndlistavörur í miklu úrvali
13.995
Flísasög 80mm
Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995
9.999
Silverline LI-ion
18V hleðslubor-
vél 13mm
Fjölsög
Höfftech
5.999
Rafmagnsvírtalíur
í miklu úrvali
14.999
Hjólsög GMC
1200W
19.995
Súluborvél 350W
(m/skrúfstykki)
16.995
Metabo
KS216 bútsög
14.999
SDS Lofthöggvél GMC
SDS vélar frá 9.999,-
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



Ingólfur Árnason segir að reksturinn hafi komist á skrið þegar krónan veiktist eftir hrun. Þá hafi hann lofað sér að starfsmenn yrðu ekki fleiri en 100 en þeir eru nú 300. Það sé ekki þægilegt að bera ábyr

# Stefna á að breikka hluthafahópinn

**Fjölskyldufyrirtækið Skaginn 3X fjárfesti fyrir tvo milljarða árið 2017 til að leggja grunn að frekari vexti. Ingólfur Árnason framkvæmdastjóri segir að það sé skref í átt að því að undirbúa félagið undir að taka inn nýja hluthafa. Stefnt er að því að veltan verði yfir tíu milljarðar króna í ár.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is

Á Akranesi, þar sem íbúar eru tæplega átta þúsund, hefur risið blómlegt hátæknifyrirtæki sem velti nærri tíu milljörðum króna í fyrra. Skaginn 3X þróar og framleiðir tækjabúnað fyrir matvælaiðnað, einkum fiskvinnslu, og er með um 300 starfsmenn. Þar af starfa um 200 á Akranesi, um 70 á Ísafirði en aðrir eru í Reykjavík.

Samstæðan er í eigu Ingólfs Árnasonar, stofnanda og framkvæmdastjóra fyrirtækisins, og Guðrúnar Agnesar Sveinsdóttur, eiginkonu hans.

„Árið 2017 var tekin stefnumarkandi ákvörðun. Við töldum að fyrirtækið gæti ekki vaxið á Íslandi nema með því að framleiða tækjabúnaðinn með nýjustu tækni. Við fjárfestum því fyrir tvo milljarða króna. Fyrir það var byggt hús og keypt framleiðslutæki.

Þetta var stór ákvörðun. Í aðdragandanum runnu oft á mig tvær grímur og ég hugsaði með sjálfum mér: Djöfull gat ég verið vitlaus. En þetta fór allt vel að lokum og þessi nýja framleiðslutækni er nú undirstaða frekari vaxtar.

Núna erum við farin að uppskera aukna hagkvæmni í rekstri. Það stoðar ekki að predika yfir viðskiptavinum mikilvægi þess að nýta bestu mögulegu tækni en nota hana ekki sjálf í eigin framleiðslu.

Áskorunin um þessar mundir er að hanna vörurnar upp á nýtt til að þær passi í nýju framleiðsluvélarnar," segir Ingólfur.

### Fræið frá Sambandinu

*Hvernig var upphafið að þessum umsvifamikla rekstri?*

„Segja má að vegferðin hafi hafist fyrir um 30 árum þegar ég starfaði hjá Framleiðni, sem var armur af sjávarútvegsdeild Sambands íslenskra samvinnufélaga. Þetta var áður en kvótakerfinu var komið á og íslensk fiskvinnsla skiptist í tvo arma: Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Samband íslenskra samvinnufélaga.

Okkar hlutverk í Framleiðni var að reyna að bæta framleiðsluaðferðir og í því skyni bjuggum við til fyrstu flæðilínuna sem allir nota í dag. Tæknin bar að sjálfsögðu ekki nafn í fyrstu og við gáfum henni nafnið flæðilína sem seinna var þýtt á ensku sem flowline.

Það er merkilegt að hugsa til þess hve fábrotin tæknin í fiskvinnslu var fyrir 30 árum. Á þeim tíma þótti það ævintýralegt að geta sett fisk á færiband sem flutti fiskinn.

> **Við erum að skoða möguleika á að opna starfsstöð í Rússlandi. Þar erum við ekki einungis að horfa til gjöfulla fiskimiða heldur er þar einnig að finna öflugan landbúnað sem við getum þjónustað.**

Flæðilínan bætti nýtingu fisks úr 43 prósentum í 47 prósent. Þetta leiddi til níu prósenta meiri sölu á fiski. Engu að síður mætti tæknin mikilli mótstöðu og mörgum þótti hugmyndin arfavitlaus.

Það var ekki fyrr en með tilkomu kvótakerfisins að sjávarútvegsfyrirtæki hættu að leggja áherslu á að veiða eins mikið og hægt var og hófu að beina sjónum sínum að því að hámarka verðmæti úr aflaheimildum.

Ég hef fylgst náið með þeirri þróun í gegnum mín störf. Kvótakerfið og þessi breytta hugsun lagði grunninn að öflugum tæknifyrirtækjum á Íslandi eins og okkur, Marel, Völku og öðrum framsæknum fyrirtækjum í nánu samstarfi við öfluga útgerð og fiskvinnslu.

Ég starfaði í tvö ár hjá Framleiðni og fór í kjölfarið út í sjálfstæðan atvinnurekstur við að framleiða og þróa flæðilínur. Ég opnaði litla smiðju á Akranesi en stór hluti af því sem við framleiddum var smíðaður af skipasmíðastöð í bænum, Þorgeiri & Ellert.

Hún hafði um árabil verið í fjárhagskröggum og við keyptum hlut í henni í því skyni að nýta aðstöðuna. Fyrir 21 ári var rekstri Þorgeirs & Ellerts skipt í tvennt: Annars vegar hélt rekstur skipasmíðastöðvar áfram undir sömu merkjum og hins vegar var Skaginn stofnaður með þróun og framleiðslu tækjabúnaðar fyrir matvælavinnslu að leiðarljósi.

Í gegnum tíðina höfum við hjónin keypt upp hluti í Þorgeiri & Ellert og Skaganum og eigum orðið félögin að öllu leyti."

*Hvers vegna fórstu að kaupa upp hlutina?*

„Ég hafði áhuga á að þróa fyrirtækið áfram," segir Ingólfur og svarar aðspurður að það hafi ekki tengst ólíkri sýn hluthafa á reksturinn.

„Fyrir fimm árum keyptum við ráðandi hlut í 3X Technology á Ísafirði, eða um 80 prósent, og í framhaldi af því var ákveðið að búa til sameiginlegt vörumerki fyrir fyrirtækin þrjú, sem saman mynda Skagann 3X. Vörurnar eru seldar undir þeim merkjum en engu að

# Fólk

Heilsa

MIÐVIKUDAGUR 12. JÚNÍ 2019



GG Sport býður upp á ýmsar gerðir af gönguskóm sem endast árum saman. AKU Superalp eru þeir allra vinsælustu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Vandaðir skór fyrir íslenskar aðstæður

Hjá GG Sport fást AKU gönguskórnir, einir vinsælustu gönguskór landsins. Verslunin leggur áherslu á að bjóða góða valkosti sem henta á Íslandi og leyfa viðskiptavinum að njóta góðs af þekkingu starfsmanna. →2

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.





Það þarf ekki margar ólíkar gerðir af skóm til að mæta aðstæðum á Íslandi og þó að GG Sport bjóði gott úrval eru hlutirnir ekki flæktir að óþörfu.



Góðir skór geta skipt sköpum í útivist. Starfsfólk GG Sports hjálpar hverjum og einum að finna réttu gerðina fyrir sig.

Framhald af forsíðu ➩

Leifur Dam Leifsson stofnaði sérverslunina GG Sport til að bjóða Íslendingum upp á virkilega svala útivistarverslun með spennandi og vandaðar vörur. Þar fást útivistarvörur fyrir allar mögulegar þarfir, meðal annars einir vinsælustu gönguskór landsins.

„Nú er kominn sá tími árs þar sem fólk fer að ferðast um landið og þá skiptir að sjálfsögðu máli að vera vel skóaður. Við bjóðum upp á hefðbundna gönguskó sem duga um árabil. Langvinsælasti skórinn hjá okkur er AKU Superalp og ég held að hann sé vinsælasti gönguskórinn á Íslandi,“ segir Leifur. „Þessir skór lögðu líka grunninn að því að gera AKU að einu vinsælasta skómerkinu á Íslandi, en lægri og léttari útgáfur af AKU skóm hafa notið sömu vinsælda.

Í gegnum tíðina höfum við haft það að leiðarljósi að bjóða einfaldlega upp á AKU gönguskóna sem valkost. Við höfum alltaf hvatt fólk til að fara á alla staði til að prófa sig áfram og finna réttu skóna, því það sem hefur skipt okkur mestu máli er að fólk finni rétta parið af skóm, ekki að það finni endilega skó hjá okkur,“ segir Leifur. „En það vill svo skemmtilega til að yfirleitt kemur fólk aftur, þannig að við bjóðum greinilega skó sem eru réttir fyrir marga.“

## Úrval en enginn óþarfi

„Við bjóðum upp á úrval af skóm fyrir fólk á öllum aldri,“ segir Leifur. „En á sama tíma viljum við ekki bjóða upp á of margar gerðir, því það þarf ekkert margar ólíkar gerðir til að mæta aðstæðum á Íslandi. Við viljum ekki flækja hlutina að óþörfu og bjóðum því bara réttu gerðirnar.

Það er í góðu lagi þó að fólk viti ekki hvað það vill þegar það kemur til okkar, því við getum hjálpað fólki mikið við að velja rétt par af skóm,“ segir Leifur. „Við erum fljót að átta okkur á þörfum fólks og vísa því í rétta átt, því starfsfólk GG Sports hefur mikla þekkingu á vörunum sem við seljum. Fyrir vikið getur fólk komið til okkar og treyst því að fá skó sem munu þjóna því vel í íslenskum aðstæðum til lengri tíma, án þess að það sé flókið.

Þekking starfsmanna skiptir miklu máli af því að skótækninni fleygir fram. Í dag eru leðurskór ekki bara leðurskór, heldur hafa þeir fullt af aukahlutum og búa oft yfir mörgum flóknum eiginleikum sem saman gera skóinn frábæran,“ segir Leifur. „Það skiptir til dæmis mjög miklu máli hvað gerist í miðsólanum, sem er á milli innleggsins og sólans sjálfs, þegar maður gengur. Þetta er algjört lykilatriði, því þangað fer allt álagið. Fáir gera sér grein fyrir þessu og skósölumenn skortir oft þekkingu á því af hverju skórnir samanstanda og hver hugsunin er á bak við þá. Við pössum hins vegar vel að halda öllu svona til haga.“

> Það er í góðu lagi þó að fólk viti ekki hvað það vill þegar það kemur til okkar, því við getum hjálpað fólki mikið við að velja rétt par af skóm.



Vandaðir gönguskór búa oft yfir mörgum flóknum eiginleikum, svo að það skiptir máli að sölumenn GG Sports skilja hugsunina á bak við þá.

# Bókhald, rekstur & ráðgjöf

MIÐVIKUDAGUR 12. JÚNÍ 2019



**Systurnar Katla og Ingibjörg Þorsteinsdætur, eigendur bókhaldsstofunnar 3 Skref, hafa áratugareynslu af rekstri og stjórnun fyrirtækja.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Byltingarkenndar nýjungar

Bókhaldsstofan 3 Skref leggur áherslu á að auðvelda vinnu við bókhaldið, auka gagnsæi og einfalda samskipti við viðskiptavininn. Nýlega skrifaði fyrirtækið undir tímamótasamning. →2



Katla og Ingibjörg hjá 3 Skrefum eru óhræddar við nýjungar. Uniconta kerfið er liður í að gera bókhaldið pappírslaust. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**Framhald af forsíðu ➪**

Bókhaldsstofan 3 Skref er í eigu systranna Ingibjargar Þorsteinsdóttur viðskiptafræðings og Kötlu Þorsteinsdóttur lögfræðings. Báðar búa þær yfir áratugareynslu af rekstri og stjórnun fyrirtækja, bæði á almenna vinnumarkaðinum og hjá hinu opinbera.

3 Skref sinnir bókhaldsþjónustu fyrir allar stærðir og gerðir fyrirtækja. Meðal verkefna er bókun reikninga, launavinnsla, afstemmingar, rekstrarskýrslu- og ársreikningagerð og skil á virðisaukaskatti. Stofan sér einnig um skattframtöl fyrir einstaklinga og lögaðila og sér um stofnsamninga og skjalagerð þegar kemur að stofnun fyrirtækja og annarra félaga. Auk þess gerir stofan eignaskiptayfirlýsingar og skráningartöflur fyrir fjölbýlishús.

Auk systranna Ingibjargar og Kötlu starfa fjórir bókarar hjá fyrirtækinu, þær Agnes, Gulla, Diljá og Kolfinna. Allar leggja þær sig fram um að veita fyrirtaks þjónustu.

## Pappírslaust bókhald

Ingibjörg og Katla segjast stöðugt vera að leita leiða til að finna hagræðingu fyrir viðskiptavini sína og auka gagnsæi í bókhaldinu. Í liðinni viku skrifuðu þær undir samning við Svar ehf. um að taka upp Uniconta bókhaldskerfið.

„Þetta er byltingarkennt forrit sem er svar við þeirri kröfu að gera bókhaldið algjörlega pappírslaust í framtíðinni," segir Ingibjörg.

Uniconta er forrit sem virkar þannig að allir reikningar koma fram með rafrænum hætti. Ýmist með PDF- eða XML-skjölum eða einfaldlega ljósmynd.

„Viðskiptavinurinn getur sett upp app í símanum sinum og einfaldlega tekið mynd af strimlinum og sent hann til okkar gegnum appið," segir Katla.

„Þetta er mjög þægilegt fyrir viðskiptavininn. Segjum sem svo að hann fari í byggingavöruverslun og kaupi eitthvað fyrir fyrirtækið sitt. Áður þurfti hann að koma reikningnum til okkar. Núna er hægt að taka ljósmynd af strimlinum í búðinni, senda hana gegnum appið og reikningurinn er kominn inn í kerfið."

Þær systur segja að Uniconta bókhaldskerfið sé mikil hagræðing fyrir kúnnann auk þess sem það er umhverfisvænt sem hefur verið leiðarljós hjá fyrirtækinu.

„Þetta kerfi er mjög aðgengilegt fyrir viðskiptavininn. Hvort sem hann notar það í appinu eða í tölvu. Hann fær betri yfirsýn yfir eigin rekstur og getur fylgst mjög vel með stöðu bókhaldsins í rauntíma," segir Ingibjörg.

„Innleiðing Uniconta bókhaldskerfisins mun spara gríðarlegan tíma við bókhaldsvinnuna. Þetta er bara framtíðin í dag, það er allt í skýjum og öppum, það er framtíðin að losna við allan þennan svakalega pappír."

Katla segir að innleiðingarferlið muni taka einhvern tíma. Hingað til hafa þær unnið í DK og Navision en smám saman munu þær færa viðskiptavinina úr þeim kerfum yfir í Uniconta. „Fyrir stærri fyrirtæki með flóknara bókhald mun ferlið taka lengri tíma. En það er klárlega framtíðin samt sem áður."

## Hagræðing að útvista bókhaldinu

Einn markhópur fyrirtækisins eru lítil fyrirtæki af þeirri stærðargráðu að starf bókhaldara er kannski ekki nema 70-80%. „Í þeim tilvikum er það klárlega hagræðing fyrir fyrirtækin að útvista bókhaldinu til fyrirtækis eins og okkar sem er með þetta rafrænt,



Auk systranna Ingibjargar og Kötlu starfa fjórir bókarar hjá fyrirtækinu, þær Agnes, Gulla, Diljá og Kolfinna.

> Áður þurfti að koma reikningnum til okkar. Núna er hægt að taka ljósmynd af strimlinum í búðinni, senda hana gegnum appið og reikningurinn er kominn inn í kerfið.

það er svo mikill tímasparnaður," segir Ingibjörg.

Ásamt því að sinna bókhaldsþjónustu gerir fyrirtækið 3 Skref skráningartöflur og eignaskiptayfirlýsingar. Skráningartafla inniheldur upplýsingar um stærðir allra rýma byggingar, eignatengingar og aðrar grundvallarupplýsingar. Skráningartöflu þarf að gera fyrir nýbyggingar, endurbyggingar og breytingar á byggingum.

Í eignaskiptayfirlýsingu kemur fram hvernig eign, mannvirki eða lóð, er skipt á milli eigenda ásamt því hvort um sé að ræða séreign, sameign sumra eða sameign allra. Eignaskiptayfirlýsing á að vera til fyrir öll fjöleignarhús og tilheyrandi lóðir.

„Við erum að vinna skráningartöflur og eignaskiptayfirlýsingar bæði fyrir nýbyggingar og eldri hús," segir Ingibjörg. „Sumir koma til okkar og láta gera eignaskiptayfirlýsingu fyrir gömul hús af því lögin voru sett eftir að húsin voru byggð. Þá er kannski einhver í húsinu að flytja og verið er að gera yfirlýsingu vegna þess. Eins þarf að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu og skráningartöflu ef fólk er til dæmis að bæta við svölum á eina íbúð í fjölbýlishúsi. Allar breytingar við hús hafa áhrif á hvernig það skiptist á milli eigenda."

Ingibjörg segir að 3 Skref sé ung bókhaldsstofa. Hún hafi starfað í núverandi mynd í þrjú ár. Styrkleiki fyrirtækisins að hennar mati er sá að þær eru ekki hræddar við nýjungar. „Okkur finnst þær bara spennandi."

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, | Veffang: frettabladid.is




# Hugbúnaðarlausnir fyrir verslun og þjónustu

## Bókhaldskerfi | Birgðakerfi | Afgreiðslukerfi | Innkaupakerfi

dk hugbúnaður er eitt stæsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins. Allt frá upphafi hefur dk viðskiptahugbúnaðurinn verið hjartað í starfsemi okkar. Hugbúnaðurinn er í dag leiðandi bókhalds- og viðskiptahugbúnaður fyrir minni og meðalstór fyrirtæki og þá hefur færst í vöxt að stór fyrirtæki séu farin að velja hugbúnaðinn fyrir sína starfsemi. Yfir 6.500 fyrirtæki nýta sér þjónustu dk hugbúnaðar í dag og yfir 4.500 fyrirtæki eru með bókhaldið í skýinu hjá dk. Hafið samband við okkur og fáið kynningu á þeim fjölbreyttu lausnum sem dk hugbúnaður hefur fyrir verslun og þjónustu.

Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri
510 5800 | dk@dk.is | www.dk.is
dk hugbúnaður 20 ára | 1998-2018

dk hugbúnaður

# Regla, bókhalds- og viðskiptakerfi

## Regla býður bókhalds- og viðskiptakerfi í áskrift á netinu eða „í skýinu“ og því er engin þörf á hýsingu eða rekstri á eigin tölvuþjónum.

Þar sem um 100% skýjalausn er að ræða virkar Regla óháð stýrikerfum og virkar jafn vel á PC og Apple tölvum. Það eina sem þarf að gera til að komast í gögnin er að fara inn á regla.is og byrja að vinna. Viðskiptavinir Reglu eru því alltaf með nýjustu útgáfuna af kerfinu og þurfa ekki að hafa áhyggjur af dýrum uppfærslum á komandi árum. Reksturinn verður hagkvæmari, einfaldari og öruggari með heildar viðskiptakerfi frá Reglu þar sem allar kerfiseiningar tala saman.

*Hvert er markmið Reglu?*

„Markmið félagsins hefur frá upphafi verið að minnka vinnuna við bókhaldið með aukinni sjálfvirkni og nútímalegum vinnubrögðum. Sem dæmi má nefna að hægt er að tengja bókhaldskerfi Reglu við bankann þannig að allar færslur lesast inn sjálfkrafa. Regla lærir síðan á færslurnar og gerir bókunartillögur á rétta bókhaldslykla. Einnig er hægt að tengja rafræn eða skönnuð fylgiskjöl við færslur eða tímabil með innbyggðu skönnunarforriti og appi fyrir Android síma,“ segir Darri Örn Hilmarsson, sölu- og markaðsstjóri Reglu.

*Hvaðan kemur Regla?*

„Öll kerfin okkar eru þróuð og smíðuð af okkur og eru því íslensk hönnun. Kerfið er smíðað fyrir íslenskan markað jafnt sem erlendan og er fáanlegt á mörgum tungumálum. Það eru margir sérfræðingar sem hafa komið að þessari uppbyggingu en við hlustum einnig mikið á þarfir okkar viðskiptavina. Við segjum stundum, bæði í gríni og alvöru, að þeir séu bestu kerfisfræðingarnir. Að þróa nýja kynslóð bókhaldskerfis hefur verið spennandi vegferð undanfarin 11 ár en í dag starfa 12 starfsmenn við þróun, þar af átta við forritun auk tveggja við sölu og þjónustu.“

*Hvað er það nýjasta hjá ykkur?*

„Til að byrja með vorum við bara með þrjár kerfiseiningar; fjárhagsbókhald, sölukerfi og verkbókhald. Með tímanum hafa bæst við fleiri kerfi á borð við launakerfi á mörgum tungumálum, vefþjónustu við önnur kerfi og afgreiðslukerfi eða „kassakerfi“ eins og þau eru oft kölluð. Nýjasta varan okkar er hins vegar netverslunartenging við Shopify og Woocommerce heimasíður. Með þessari tengingu bókast öll sala í rauntíma og birgðir haldast réttar, sama hvort salan á sér stað í verslun eða á netinu.“

*Krefst rekstur Reglu mikillar vöruþróunar?*

„Allar okkar kerfiseiningar eru í stöðugri þróun og við hlustum mikið á ábendingar og þarfir viðskiptavina okkar. Þessa dagana erum við til dæmis að þróa kassakerfið okkar enn frekar með nýjum veitingastað og munum á næstu dögum setja upp okkar fyrsta eldhússkjákerfi (e. kitchen display system). Hingað til hafa pantanir hrannast upp á miðum inni í eldhúsi og ef einn miðinn dettur þá er sú pöntun bara týnd. Með nýja kerfinu okkar munu allar pantanir skila sér á mismunandi snertiskjái inn í eldhúsi. Þannig fer til dæmis hamborgari á skjáinn hjá grillinu á meðan salat fer á annan skjá hjá grænmetinu. Kokkarnir geta síðan merkt við þegar hver réttur fer í gang eða er tilbúinn fyrir þjóninn.“

*Hvað er fram undan?*

„Eins og ég segi þá er stöðug vöruþróun í gangi og margt spennandi fram undan. Við erum til dæmis að vinna í tímaskráningarkerfi sem mun tengjast beint við launakerfið. Við sjáum líka að þróunin er í þá átt að fólk vill gera sem mest úr símanum sínum en það er stór partur af því verkefni sem við erum að vinna í undir vinnuheitinu „Skrifstofan í símann“.“



Regla ehf. hefur þróað nýja kynslóð bókhaldskerfis. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Allar okkar kerfiseiningar eru í stöðugri þróun og við hlustum mikið á ábendingar og þarfir viðskiptavina okkar.**

# Grét af létti

## Eftir sextán tíma strangt löggildingarpróf útskrifaðist Hörður Freyr Valbjörnsson sem löggiltur endurskoðandi í fyrstu atrennu.

Ég get viðurkennt að ég grét af gleði og létti þegar ég fékk póstinn um að hafa náð löggildingarprófinu. Það var mikið spennufall eftir að hafa beðið í rúma tvo mánuði eftir niðurstöðunni,“ segir Hörður, löggiltur endurskoðandi hjá Icelandair. Hann er einn tíu nýlega útskrifaðra löggiltra endurskoðenda.

„Námið er strembið í heild sinni en allra erfiðasti hjallinn er löggildingarpróf atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og tilhugsunin um sextán klukkustunda próf þar sem sögulega hefur verið í kringum 70 prósent fall. Það er almenn hræðsla við þetta próf sem má líkja við herbúðir. Í því er enginn matartími né pásur og í prófinu er ekkert gefins. Það tekur því á andlega að fara inn í skólastofu til að reikna og skrifa í átta tíma, tvo daga í röð,“ segir Hörður sem er ekki sannfærður um að prófið þurfi að vera svo strangt.

„Það eru miklar umræður um að breyta prófyrirkomulaginu. Áður voru þetta þrjú próf og hægt að fara í eitt próf á ári en eftir að þau voru sett saman í eitt próf hefur reynst erfiðara að ná því og margir fara tvisvar, þrisvar og jafnvel fjórum sinnum áður en þeir ná því,“ upplýsir Hörður.



Hörður Freyr er löggiltur endurskoðandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Stimpill sem endist út lífið

Hörður tók BS-próf í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og fór þaðan í meistaranám í endurskoðun og reikningsskilum við HÍ.

„Meistaranámið þykir mjög strembið en það hjálpaði mér að vinna á endurskoðendastofunni KPMG samhliða náminu. Ég fékk smjörþefinn af endurskoðun í menntaskóla og fannst hún heillandi. Eftir að hafa unnið í Arion banka um tíma var ég ráðinn til KPMG og eftir fyrsta árið fann ég hversu umfangsmikið starfið er og að ég hafði einlægan áhuga á því,“ segir Hörður sem fór í þriggja ára starfsnám undir leiðsögn endurskoðanda hjá KPMG.

„KPMG reyndist mér afar vel og gaf mér tvo mánuði í upplestrarfrí fyrir löggildingarprófið. Prófið samanstendur af þremur meginstoðum; reikningsskilum, endurskoðun og sköttum, og maður þarf að átta sig á í hverju maður er bestur og herða sig í því sem maður er veikari í,“ segir Hörður.

„Það er til mikils að vinna að ljúka náminu því maður uppsker gott og vel launað starf. Ég horfði til þess að löggildingin væri stimpill sem ég byggi að út lífið.“

### Fleiri látast en bætast við

Hörður er 29 ára og var sá yngsti sem tók löggildingarprófið nú.

„Ég er ungur í þessum geira og eins og er látast fleiri endurskoðendur á ári en bætast við í stéttina. Við erum að verða sjaldgæfari og sjaldgæfari og því vantar fleiri endurskoðendur til að anna störfunum,“ segir Hörður og mælir hiklaust með náminu.

„En til að ljúka náminu þarf bæði áhuga og vilja,“ segir Hörður sem hafði strax gaman af stærðfræði á barnsaldri.

„Það lá alltaf fyrir að ég legði fyrir mig eitthvað þessu tengt. Góður endurskoðandi þarf að vera talnaglöggur og nákvæmur og eins er gott siðferði og rökhugsun mikilvæg.“

Eftir fimm ára starf hjá KPMG starfar Hörður nú sem löggiltur endurskoðandi hjá Icelandair.

„Ég breytti um starf til að geta sinnt fjölskyldunni betur. Á endurskoðendastofum er mikil tarnavinna og þegar mest var vann ég 100 til 130 yfirvinnutíma á mánuði. Það hefur sína kosti og galla, en ég var tilbúinn í það. Ég hafði áður unnið á frystitogara og kynnst þar enn meiri tarnavinnu en ég held að endurskoðendastofur séu stærstu kaupendur Nocco-orkudrykkja af íslenskum vinnustöðum,“ segir Hörður og hlær.

„Það er sagt að starf endurskoðenda sé það leiðinlegasta í heimi og meira fjör sé að fara á skemmtun á elliheimili en á skemmtun endurskoðenda. Erkitýpan er talnaglöggur einfari sem lítur ekki upp frá skrifborðinu en auðvitað er öll flóra fólks í starfinu og ekki alveg satt að stéttina skipi aðeins grautleiðinlegt fólk,“ segir Hörður, sæll með sitt hlutskipti.

„Ég var smeykur þegar ég skráði mig í prófið en er stoltur og ánægður að hafa náð prófinu við fyrstu tilraun og það var óvenjulegt og gleðiefni hversu margir náðu síðasta prófi miðað við fyrri ár. Vonandi dregur það úr hræðslu þeirra sem hafa áhuga og sýnir að þetta er gerlegt.“

RÉTTSKIL
Bókhaldsþjónusta
Bryndís Björk Karlsdóttir • Ármúla 29.2.hæð,
sími 562 7777 og rettskil@simnet.is


AKU skórnir eru framleiddir á Ítalíu úr100% evrópskum íhlutum og efnum
AKU
Mýkra leður til að minnka spennu og auka þægindi
Aukin mýkt við ökkla
GoreTex filma, 100% vatnsvörn
Reimalæsing, hægt að vera með sitthvora stillinguna yfir rist, eða um ökkla
Rúllukefli til að halda jafnri spennu á reimum
2mm gúmmíborði (grjótvörn) sem hentar vel í íslensku hraunlendi
2,6mm ekta ítalskt Nubuck leður
Dempun
Custom fit innlegg
IMS: Kerfi sem gefur auka mýkt niður í sólann
Vibram sóli
AKU Exoskeleton, innan- og utanfótarstuðningur
kvenna/herra
AKU SUPERALP GTX
39.990 kr.
STÆRÐIR 35-48
Til að velja rétta gönguskó er nauðsynlegt að bera saman allar helstu gerðir.
Best er að gefa sér góðan tíma, fara á alla helstu sölustaði, prófa, máta og taka upplýsta ákvörðun.
Hafðu AKU með í valinu
Léttir gönguskór / herra/kvenna
AKU TRIBUTE GTX
24.990 kr.
Borgarskór / kvenna
AKU RIVA HIGH GTX
26.990 kr.
Léttir borgarskór / herra
AKU BELLAMONT II MID PLUS
26.990 kr.
fáanlegir í 2 litum
Gönguskór með góðan stuðning kvenna/herra
AKU ALTERRA GTX
31.990 kr.
fáanlegir í 2 litum
Borgarskór / herra
AKU LEDRO FG MID GTX
26.990 kr.
fáanlegir í 3 litum
Lágir gönguskór borgarskór / kvenna
AKU BELLAMONT GAIA GTX
23.990 kr.
NÝTT
NÝTT
Léttir göngu-/ hlaupaskór / herra
AKU SELVATICA GTX
24.990 kr.
Léttir göngu-/ hlaupaskór / kvenna
AKU SELVATICA GTX
24.990 kr.
Lágir gönguskór/borgarskór / herra
AKU CLIMATICA GTX
26.990 kr.
Lágir gönguskór/borgarskór / kvenna
AKU CLIMATICA SUEDE GTX
24.990 kr.
Fjölhæfir gönguskór herra/kvenna
AKU TENGU LOW GTX
27.990 kr.
Smiðjuvegur 8,
Græn gata
200 Kópavogi,
sími: 571 1020
www.ggsport.is
GG•sport
GG•sport
BYKO
„Finndu okkur á Facebook"



gð á afkomu svo margra starfsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

síður eru félögin rekin áfram undir eigin kennitölu og eigin formerkjum.“

**Þurfti liðsauka**

*Hvers vegna keyptirðu 3X Technology?*

„Við höfðum tekið að okkur að reisa uppsjávarfiskvinnslu frá a til ö í Færeyjum en gátum það ekki ein og óstudd. Við þurftum meira afl. Lausnin í okkar huga var að færa hluta af starfseminni úr landi, á þeim tíma voru gjaldeyrishöft og við höfðum fengið heimild til slíkrar uppbyggingar, en svo bauðst okkur að kaupa ráðandi hlut í 3X Technology.

Ég vildi ekki kaupa félagið að fullu heldur taldi æskilegt að burðarásinn í þróunarteymi fyrirtækisins væri enn í hluthafahópnum.

Við kaupin var ákveðið að 3X Technology og Skaginn myndu sinna ákveðnum vöruflokkum og því voru vörur færðar á milli til að styrkja vörulínu hvors fyrirtækis um sig eftir því sem þótti heppilegt.

Samstarf félaganna hefur verið heilladrjúgt á sviði hönnunar, þróunar og markaðsmála. Við framleiðum vörurnar með sama hætti til að fá samlegð þegar kemur að því að þjónusta tækjabúnaðinn.

Þegar við tökum að okkur að reisa stórar fiskvinnslur er hluti þeirra hannaður og þróaður á Ísafirði og hluti á Akranesi. Við vinnum eins og um eitt fyrirtæki sé að ræða.“

**Vilja halda í sérkennin**

*Hvers vegna steyptirðu ekki fyrirtækjunum saman í eitt?*

„Hugmyndin er að halda sérkennum fyrirtækjanna til að varðveita getuna til að þróa aðrar vörur en eru í boði á markaðnum og varðveita hæfileikann til að þróa vörur hratt. Það er okkar sérkenni.

Við erum engu að síður að vinna að því að þau verði að lokum eins. Í þeirri vinnu erum við að reyna að fanga það besta frá Akranesi og það besta frá Ísafirði. Það hefur gengið vel en þeirri vegferð er ekki enn lokið.“

*Hvernig hefur vöxturinn verið?*

„Frá upphafi hefur innri vöxtur verið að meðaltali um tíu prósent. Það koma stundum vaxtarkippir og þá þurfum við tíma til að jafna okkur. Þannig var það til dæmis eftir kaupin á 3X Technology.“

*Samstæðan velti sex milljörðum árið 2017 en veltan var tæplega tíu milljarðar í fyrra. Það er umtalsverður vöxtur.*

„Það segir ekki alla söguna að horfa á veltu samstæðunnar á milli ára. Það geta til dæmis fallið tvö afar stór verkefni á annað tímabilið sem þarf að vinna að miklu leyti árið á eftir. Horfa þarf á vöxtinn yfir lengra tímabil til að fá gleggri mynd af raunverulegri vegferð fyrirtækisins.“

*Hvað er áætlað að velta Skagans 3X verði há í ár?*

„Við stefnum á að velta fyrirtækjanna þriggja fari yfir tíu milljarða króna í ár.“

*Hvernig hefur gengið að halda utan um vöxt fyrirtækisins?*

„Það hefur verið í nógu að snúast. Við höfum verið í stöðugu breytingaferli til að ná sem best utan um vöxtinn. Miðað við afkomuna hefur okkur farnast vel.“

Hagnaður samstæðunnar var 502 milljónir króna árið 2017 og arðsemi eiginfjár var 22 prósent. Eiginfjárhlutfallið var 44 prósent og eigið fé var 2,4 milljarðar króna, samkvæmt ársreikningi I.Á. Hönnunar, móðurfélags samstæðunnar.

**Komst á skrið eftir hrun**

*Hver var vendipunkturinn, hvenær fór reksturinn að ganga vel?*

„Það er samspil af mörgu en við komumst ekki á gott skrið fyrr en eftir hrun þegar krónan veiktist. Ég bind vonir við að krónan muni veikjast aftur sem mun sannarlega bæta samkeppnisstöðu útflutningsgreinarinnar.

Á þeim tíma lofaði ég sjálfum mér og fjölskyldunni að hafa aldrei fleiri en 100 manns í vinnu. Mér leið einfaldlega illa að bera ábyrgð á afkomu fleiri en 100 starfsmanna en í dag eru þeir 300. Mér finnst ekkert þægilegt að bera ábyrgð á afkomu 300 starfsmanna.“

*Hvernig tókst þér að byggja upp þekkingarfyrirtæki á Akranesi?*

„Reksturinn hefur byggst upp í gegnum náið samstarf við sterka útgerð. Í gegnum árin var fiskvinnsla HB Granda á Akranesi okkar heimavöllur, það er því óneitanlega mikil eftirsjá að starfsemi HB Granda á Akranesi. Sömu sögu er að segja af uppbyggingu 3X Technology á Ísafirði. Fyrirtækið byggðist upp vegna nálægðar við útgerðir og fiskvinnslur. Við búum enn að því samstarfi á Ísafirði og notum aðstöðuna þar til að skilja og læra betur hvernig best er að meðhöndla fisk.



Stór hluti sölunnar, eða um 40 prósent, fer til Rússlands um þessar mundir.

**Ég vil helst ekki gera neitt annað en að þróa vörur. Ég er ekki þessi venjulegi framkvæmdastjóri og það hefur sína kosti og galla.**

Þróunar- og hönnunarteymin, sem telja um 60 manns, eru á Akranesi og Ísafirði en þeir sem starfa við markaðs- og sölumál eru með starfsstöð í Reykjavík og á Akranesi. Það er mikill samgangur á milli annars vegar söluteymisins og hins vegar þeirra sem starfa við þróun, hönnun og framleiðslu sem stuðlar að því að fólk skiptist á hugmyndum, sem leitt getur af sér nýjar vörur.

Akranes er vel staðsett bæjarfélag, steinsnar frá höfuðborginni. Það tekur einungis 20 mínútur að keyra til Mosfellsbæjar sem er það bæjarfélag sem er í hvað mestum vexti. Byggðin þokast því nær okkur. Hér er engin umferð og foreldrar losna við þetta sífellda skutl með börn sem einkennir lífið í borginni.“

*Er horft til þess að kaupa fyrirtæki til að vaxa?*

„Til lengri tíma litið munum við skoða þann möguleika og þá aðallega til að efla vöruframboð og markaðsaðgang.

Það hefur tekið okkur fjögur ár að ná því besta úr starfseminni á Akranesi og Ísafirði og við erum enn að bæta okkur á því sviði. Raunar hefur arðsemin ekki enn skilað sér í krónum talið en hvað varðar vöruþróun hafa kaupin tekist afskaplega vel. Með samvinnunni höfum við hleypt af stokkunum vörum sem byggja undir framtíð fyrirtækisins.“

**Munu taka inn nýja hluthafa**

*Skaginn 3X fjárfesti fyrir tvo milljarða í rekstrinum. Kom til greina að fá inn nýja hluthafa til að taka þátt í fjármögnuninni?*

„Nei, ekki að svo stöddu. Það er hluti af langtímasýn okkar að taka inn nýja hluthafa. Þessi fjárfesting var liður í að undirbúa félagið undir þann tímapunkt en það er ekki enn komið að honum.“

*Ætlar þú að starfa hjá fyrirtækinu um aldur og ævi?*

„Ætli ég verði ekki hér þar til mér verður hent út!“

*Tekurðu enn þá virkan þátt í að þróa tækjabúnað?*

„Ég vil helst ekki gera neitt annað en að þróa vörur. Ég er ekki þessi venjulegi framkvæmdastjóri og það hefur vissulega sína kosti og galla.“

**Börnin vinna hjá fyrirtækinu**

*Það er áhugavert að börnin þín þrjú skipa stjórn fyrirtækja þinna. Þig hefur ekki langað að vera með reynda stjórn sem veitir þér stuðning í þessum mikla vexti?*

„Nei, ég hafði ekki hugsað mér það. Það gerist allt of oft í fjölskyldufyrirtækjum að það er enginn sem vill taka við þeim þegar kemur að kynslóðaskiptum.“

*Þannig að þú ert að undirbúa þau undir að taka við rekstrinum?*

„Það þýðir ekkert að byggja upp fyrirtæki ef enginn tekur við.“

*Gegna þau öðrum störfum hjá fyrirtækinu?*

„Ég á fjögur börn og þau starfa öll hjá fyrirtækinu. Sú yngsta, sem er 19 ára, er líka í skóla. Ég tók hana snemma inn í reksturinn, hún hefur verið á lagernum og víðar. Börnin hafa öll þurft að vinna sig upp og kynnast fyrirtækinu frá fleiri hliðum.

Elsti sonur minn stýrir framleiðslunni á Akranesi, næstelsti er yfir vélahönnun og eldri dóttir mín aðstoðar mig í rekstrinum. Eiginkonan sér svo um útgjöldin.“

**Stór hluti til Rússlands**

*Hvar í heiminum selur Skaginn 3X vörur sínar?*

„Okkar kjarnamarkaður er Norður-Evrópa og Norður-Ameríka. Við seljum mikið til Bandaríkjanna, Kanada, Íslands, Færeyja, Bretlands og Noregs. Nú seljum við mikið til Rússlands sem er ört vaxandi markaður en um 40 prósent af sölunni eru tengd Rússlandi. En allt fer þetta eftir því hvar stóru samningarnir liggja. Í fyrra seldum við mest til Færeyja.“

Fram hefur komið í fjölmiðlum að Rússar hafi lagt viðskiptabann á íslensk matvæli frá árinu 2015 því að Ísland studdi refsiaðgerðir gagnvart landinu. Það er vegna þess að Rússar innlimuðu Krímskaga sem tilheyrði Úkraínu í ríki sitt í umdeildum kosningum. Rússar hafa hins vegar keypt nokkuð af íslenskri tækni fyrir sjávarútveg.

*Hvað er að breytast í Rússlandi, hvers vegna eruð þið að sækja á þar?*

„Rússnesk stjórnvöld eru markvisst að stuðla að nútímavæðingu í fiskiðnaði og innleiðingu á bestu mögulegu tækni. 20 prósentum af aflaheimildum útgerða er endurúthlutað til þeirra sem fjárfesta í nýjum skipum eða fiskvinnslum í landi.“

*Kemur til greina að flytja hluta af starfseminni úr landi þangað sem launin eru lægri?*

„Það er ekki hægt að horfa fram hjá því að sá dagur mun renna upp að Skaginn 3X þarf að opna starfsstöð erlendis til þess að geta haldið áfram að vaxa. Það er eðlilegt skref í vexti og viðgangi fyrirtækis. En það væri ekki til þess að greiða lægri laun heldur til að geta framleitt ákveðnar vörur nær viðskiptavinum.

Það er verið að innleiða nýja framleiðsluhætti, eins og ég hef komið inn á, í rekstrinum og þegar við höfum náð fullkomnum tökum á tækninni munum við geta smíðað hvar sem er í heiminum. Það eru eflaust eitt eða tvö ár í að það skref verði stigið.

Við erum að skoða möguleika á að opna starfsstöð í Rússlandi. Þar erum við ekki einungis að horfa til gjöfulla fiskimiða heldur er þar einnig að finna öflugan landbúnað sem við getum þjónustað. Um 10-15 prósent af tekjum Skagans 3X má rekja til tækja til að meðhöndla kjöt og kjúkling.“

## Ný aðferð minnkar kolefnisspor

„Fyrir um fimm árum kynntum við byltingarkennda tækni við kælingu fisks, svokallaða SUB-CHILLING™ tækni eða undirkælingu. Með aðferðinni er fiskurinn sjálfur kælimiðillinn,“ segir Ingólfur.

„Við teljum að tæknin muni taka yfir stóran hluta af markaðnum og samhliða mun Skaginn 3X vaxa hratt. Þegar fiskur er kældur með ís verður hann aldrei kaldari en núll gráður en nýja tæknin kælir fiskinn niður í mínus eina gráðu, það er niður í fasaskipti fisksins sjálfs. Það er hins vegar langhlaup að kenna markaðnum á þessa nýju tækni.

Undirkæling hefur þrjá kosti í för með sér. Í fyrsta lagi viðheldur hún gæðum fisksins betur. Í öðru lagi lengist líftími vörunnar um fjóra til sjö daga með undirkælingu sem býður upp á aðra möguleika við flutning. Íslensk fyrirtæki hafa notið góðs af því. Það eru til dæmis laxeldi á Bíldudal og Djúpavogi þar sem fiskurinn þarf að fara um langan veg til að fara í flug. Af þeim sökum hafa laxeldi brugðið á það ráð að flytja fiskinn í auknum mæli með skipum. Það er mun betra fyrir umhverfið,“ segir Ingólfur.

„Við höfum einnig bent á þriðja kostinn sem er ódýrara fragtflug. Það þarf nefnilega ekki að nota ís við kælinguna og við það léttist flutningseiningin um 20 prósent, sem er umtalsvert í stóru samhengi.

Fjórðungi af norskum eldislaxi er flogið til Asíu. Með þessari nýju tækni er hægt að draga úr kolsefnissporinu með því að fækka flugferðum um einn fimmta með því að hætta að flytja ís á milli heimsálfa.

Með tímanum vonumst við til að það verði krafa markaðarins að fiskur verði kældur með þessum hætti enda byggir tæknin á því að viðhalda gæðum fisksins, viðhalda ferskleika betur og þannig opna á möguleika til hagkvæmari flutningsmáta,“ segir hann.

# Alltaf með nokkrar bækur við höndina

## Svipmynd
**Nanna Kristín Tryggvadóttir**

**Nám:**
Rekstrarverkfræðingur frá Duke-háskóla í Norður-Karólínu og MCF í fjármálum fyrirtækja frá Háskólanum í Reykjavík.

**Störf:**
Aðstoðarmaður bankastjóra Landsbankans frá árinu 2017, verkefnastjóri hjá bankanum í stefnumiðuðum verkefnum á árunum 2012-2017 og í áhættustýringu bankans á árunum 2011-2012.

**Fjölskylduhagir:**
Einhleyp.



Nanna Kristín Tryggvadóttir segir að það sé undir bönkunum komið að bregðast við, móta og breyta starfseminni til framtíðar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nanna Kristín Tryggvadóttir hefur starfað hjá Landsbankanum í átta ár. Hún lærði meðal annars rekstrarverkfræði í Duke-háskóla og hefur undanfarin tvö ár verið aðstoðarmaður Lilju Bjarkar Einarsdóttur bankastjóra.

*Hvernig er morgunrútínan þín?*

Hún er alveg alls konar og fer svolítið eftir plönum hvers dags. Ég byrja undantekningarlaust alla daga á því að fara yfir fréttir, svona á meðan ég nudda stírurnar úr augunum. Bestu morgnarnir eru svo alltaf þegar ég næ að komast á æfingu. Ekki hægt að byrja daginn betur.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Ég er mikil áhugamanneskja um golf, bæði að spila það og horfa á. Ég gef mér þó alltof sjaldan tíma til að sinna því almennilega. Góðar bækur eru svo annað áhugamál en ég veit fátt notalegra en að koma mér vel fyrir með góða bók. Síðan þykir mér ótrúlega gaman að bardúsa eitthvað í eldhúsinu og slaka örugglega hvergi jafn vel á. Skemmtilegast þykir mér þó alltaf að vera með vinum og fjölskyldu og reyni því að gera mikið af því.

*Hvaða bók ertu að lesa eða last síðast?*

Ég er ein af þeim sem eru alltaf með nokkrar bækur í gangi í einu. Þessa stundina er ég að lesa um ris og fall flugfélagsins WOW air. Þótt höfundur bókarinnar og stofnandi félagsins séu ekki á einu máli um hvernig hlutirnir voru nákvæmlega þá er sagan og stóra myndin engu að síður mjög áhugaverð. Hin bókin sem ég er að lesa þessa stundina er Síðasta stúlkan, saga Nadiu Murad sem hlaut friðarverðlaun Nóbels árið 2018. Ótrúlega átakanleg saga um stúlku sem er tekin í þrældóm af ISIS og hvernig hún sleppur úr klóm þeirra. Eins erfitt og það getur verið að lesa um átakanlegar raunir fólks um víða veröld þá minnir saga Nadiu mann jafnframt á það hversu ótrúlega heppin við erum sem byggjum þetta land.

> **Sjálf hef ég ekki tekið upp greiðslukort frá því hægt var að byrja að nota Apple Pay fyrir rúmlega mánuði.**

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í rekstrarumhverfinu?*

Það hafa miklar breytingar orðið á rekstrarumhverfi banka undanfarið og ég held að það sjái ekki fyrir endann á þeim í bráð. Á síðustu árum hefur bankaþjónusta færst úr því að vera þess eðlis að viðskiptavinir þurfi að gera sér ferð í bankann sinn til að sinna sínum erindum og yfir í það að viðskiptavinir afgreiða sig sjálfir í appi eða netbanka þegar þeim hentar. Nýjasta dæmið er svo auðvitað Apple Pay sem viðskiptavinir Landsbankans hafa tekið alveg gríðarlega vel í og sýnir hvað við erum almennt tilbúin að tileinka okkur nýjar og þægilegar lausnir. Sjálf hef ég ekki tekið upp greiðslukort frá því hægt var að byrja að nota Apple Pay fyrir rúmlega mánuði. Helstu áskoranirnar eru svo að tryggja áframhaldandi þróun á þeim lausnum sem henta viðskiptavinum bankans og að gera þær aðgengilegar á sama tíma og við tryggjum stöðugan og traustan rekstur, þetta verður að vera í jafnvægi.

*Hvaða tækifæri eru fram undan í bankarekstri?*

Það eru ógrynni tækifæra í bankarekstri um þessar mundir. Fjármálageirinn er að breytast hratt um allan heim. Við erum að sjá ótrúlegan fjölda fjártæknifyrirtækja koma fram á sjónarsviðið um allan heim. Sum munu ná fótfestu og önnur kveikja hugmyndir. Hefðbundnir bankar eru að fá samkeppni úr nýjum áttum svo sem frá Facebook og Apple. Það er undir bönkunum komið að bregðast við, móta og breyta starfseminni til framtíðar. Viðbrögð þeirra munu ráða hvernig þeim mun reiða af til lengri tíma í samkeppni af þessari stærðargráðu sem á sér engin landamæri. En í því felast jafnframt stærstu tækifærin.



# Sparnaðurinn okkar er öflugt tæki í baráttunni við loftslagsbreytingar



**Jan Erik Saugestad**
forstjóri eignastýringar Storebrand



**Kjartan Smári Höskuldsson**
framkvæmdastjóri Íslandssjóða

Sameinuðu þjóðirnar birtu á dögunum skýrslu með niðurstöðum úr ítarlegustu athugun á ástandi jarðar sem hefur verið unnin til þessa. Samkvæmt henni er samfélögum manna alvarlega ógnað af hraðri hnignun vistkerfis jarðar meðal annars vegna stóraukins útblásturs koltvísýrings. Hún setur fyrri skýrslu um svokallaða 1,5 gráðu sviðsmynd í ákveðið samhengi, þar sem dregin er sú ályktun að eftir einungis fáa áratugi verði hamfarir vegna loftslagsbreytinga nema mannkynið grípi í taumana sem allra fyrst.

Þrátt fyrir þessar spár taka margir sparifjáreigendur ekkert tillit til þróunar í loftslagsmálum í fjárfestingum sínum. Enn er algengt að lífeyrissparnaði eða öðrum sparnaði sé beint í starfsemi og fyrirtæki sem hafa neikvæð áhrif á lífríki jarðar. Kolaiðnaðurinn einn og sér á þátt í rúmlega 800.000 ótímabærum dauðsföllum árlega. Eignir sem drepa eru ekki vænlegur fjárfestingakostur.

**Góðir fjárfestingarkostir**

Sérfræðingar í eignastýringu sjá í auknum mæli tækifæri í uppbyggingu eignasafna sem samræmast sjálfbærnimarkmiðum. Meðal allra öflugustu tækja sem við getum beitt í baráttunni við loftslagsbreytingar eru einmitt alþjóðlegir fjármálamarkaðir. Fyrirtæki með háa sjálfbærnieinkunn eru oftast fjárhagslega sterk og vel í stakk búin til að hagnýta þróun og strauma í loftslags- og sjálfbærnimálum. Til lengri tíma litið má ljóst telja að fyrirtæki sem skapa sér stefnu í samræmi við Parísarsamkomulagið muni skila betri arðsemi en önnur.

**Umhverfissóðar útilokaðir**

Árið 2013 hófu norræn fjármálafyrirtæki, með Storebrand í broddi fylkingar, að útiloka kola- og námufyrirtæki úr eignasöfnum sínum. Í framhaldinu hafa stórir fjárfestar eins og norski olíusjóðurinn gert slíkt hið sama. Þessi þróun er afar mikilvæg. Lífeyrissjóðir standa að baki um það bil helmingi allra kauphallarviðskipta í heiminum. Breytt fjárfestingarviðmið þeirra munu meðal annars hafa afgerandi áhrif á kolaiðnaðinn og gera loks sýnilega þá loftslagsáhættu sem kolefnisfrek hagkerfi standa frammi fyrir. Kolaiðnaðurinn er þegar farinn að finna fyrir þessu. Það skiptir ekki máli hvað Donald Trump gerir til að vernda deyjandi fyrirtæki; hann mun ekki geta stöðvað það skriðufall sem fjárfestar geta komið af stað.



Útilokun umhverfissóða úr eignasöfnum er lykilforsenda þess að færa heiminn nær loftslagsstöðugleika en hún nægir ekki ein og sér. Beinna aðgerða er þörf með virkri fjárfestingu í fyrirtækjum sem stuðla að sjálfbærni. Samkvæmt nýlegri skýrslu Eurosif, sem eru evrópsk samtök um ábyrgar fjárfestingar, fimmfaldaðist svokölluð áhrifafjárfesting (e. impact investing) milli 2013 og 2017. Slíkar tölur eru hvetjandi en brýnt er að stórauka áhrifafjárfestingar á næstu árum.

> **Enn er algengt að lífeyrissparnaði eða öðrum sparnaði sé beint í starfsemi og fyrirtæki sem hafa neikvæð áhrif á lífríki jarðar.**

**Tækifærið er einstakt**

Fjárfestingar í sjálfbærum fyrirtækjum og atvinnugreinum skila almennt góðri ávöxtun, vaxtarmöguleikar eru miklir og einfaldara er að kortleggja og stýra áhættunni sem fylgir þeim. Fjárfestar leita í auknum mæli í sólar- og vindorku og aðra hreina orkutækni með það að markmiði að vernda náttúruna og skapa sjálfbæran hagvöxt. Sparnaður okkar, lífeyrir og fjárfestingar eru eitt öflugasta tæki sem við getum beitt gegn þeim ógnum sem lýst er í skýrslum SÞ. Við megum ekki lengur horfa framhjá þeim áhrifum sem við getum haft með því að færa fjármagn úr kolefnisfrekum greinum yfir í hreina orku framtíðarinnar. Sjálfbærar fjárfestingar eru þegar farnar að skila betri ávöxtun. Þetta er einstakt tækifæri til að fjárfesta skynsamlega og láta gott af sér leiða.

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
kjoreign@kjoreign.is
Kjöreign ehf
Opnunartími mán-fös kl. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali
FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is

SKEKTUVOGUR - VOGAHVERFI
BYGGINGARLÓÐ MEÐ FASTEIGN TIL SÖLU EÐA LEIGU



Stór hornlóð eða 9.368 fm - Gámaþjónustulóðin.
Heimilt byggingarmagn tæpir 24.000 fm, blönduð byggð.
Hægt er að skipta lóðinni í tvær byggingarlóðir.

Lóðin er byggingarhæf nú þegar.

Á lóðinni er skrifstofu- og verkstæðisbygging, stærð 1.342 fm. Skammtímaleiga kemur til greina á húsinu og lóðinni allri eða hluta til.

Seljendur eru tilbúnir að taka íbúðir upp í söluverðið að öllu leyti eða hluta til.

**Allar frekari upplýsingar veitir Dan Wiium lögm. og lögg. fasteignasali í símum 533-4040 eða 896-4013 dan@kjoreign.is**



Dan V.S. Wiium
hdl, löggiltur fasteignasali,
sími 896-4013

Traust og örugg þjónusta í 40 ár

## Skotsilfur

### Hættir hjá Landsbankanum



**Steingrímur Helgason**, forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans, hefur hætt störfum hjá bankanum. Steingrímur, sem er hagfræðingur að mennt, lét af störfum í gær, þriðjudag, samkvæmt heimildum Markaðarins. Hann hafði unnið í Landsbankanum samfleytt í 16 ár og þar af stýrt fyrirtækjaráðgjöf bankans frá árinu 2009. Þar áður starfaði Steingrímur hjá Búnaðarbanka og Kaupþingi.

### Gróðamaskína



Kauphöllin er með nær órjúfanlegt samkeppnisforskot og njóta hluthafar ávaxtanna af því. Arðsemi eigin fjár var um 50 prósent árið 2017 og hún greiðir rausnarleg laun. Fyrirtækið hefur því ljóslega hagsmuni af því að sem flest félög séu skráð á hlutabréfamarkað. Engu að síður er hún oft flokkuð með Fjármálaeftirlitinu og Seðlabankanum sem horfa ekki til arðsemisjónarmiða enda er um mikilvægan innvið að ræða. Það er vert að halda þeim hagsmunum til haga í umræðu um að Kauphöllin með **Pál Harðarson** forstjóra í stafni hafi meinað hluthöfum Heimavalla að skrá félagið af markaði.

### Ný stjórn GAMMA



**Andri Vilhjálmur Sigurðsson**, einn eigenda Lögmanna Lækjargötu, og Anna Rut Ágústsdóttir, forstöðumaður viðskiptatengsla Kviku banka, hafa tekið sæti í stjórn GAMMA Capital Management í kjölfar kaupa Kviku á verðbréfafyrirtækinu. Hlíf Sturludóttir, sem hefur setið í stjórn GAMMA frá árinu 2013, þar af sem stjórnarformaður síðasta árið, mun áfram eiga þar sæti. Starfsemi GAMMA mun breytast talsvert í kjölfar sameiningarinnar en í félaginu verða nú einungis reknir sjóðir sem fjárfesta í fasteignum og lóðum og öðrum sérhæfðum verkefnum.

## Kínverjar vilja eignast ferðaskrifstofuna Thomas Cook




Forsvarsmenn Thomas Cook, breska ferðaþjónusturisans sem glímir við háar skuldir og mikinn taprekstur, eiga nú í viðræðum við kínverska fjárfestingafélagið Fosun um sölu á ferðaskrifstofu og hótelrekstri samstæðunnar. Kínverjarnir eiga þegar fimmtungshlut í samstæðunni. Breska félagið þarf nauðsynlega að endurskipuleggja reksturinn og selja eignir til að eiga sér viðreisnar von að mati greinenda. NORDICPHOTOS/GETTY

# Samrunaeftirlit og landsbyggðin



**Valur Þráinsson**
aðalhagfræðingur Samkeppniseftirlitsins

Undanfarin misseri hefur Samkeppniseftirlitið rannsakað samruna á smásölumörkuðum sem eiga það sameiginlegt að hafa meðal annars haft áhrif utan Reykjavíkur. Í fyrsta lagi var um að ræða fyrirhuguð kaup Haga á Lyfju sem voru ógilt. Í öðru lagi kaup N1 á Festi sem voru samþykkt með skilyrðum. Í þriðja lagi kaup Haga á Olís sem einnig voru samþykkt með skilyrðum. Í fjórða lagi fyrirhuguð kaup Lyfja og heilsu á eina keppinaut sínum í Mosfellsbæ sem voru ógilt. Í fimmta lagi kaup Samkaupa á Iceland-verslunum á höfuðborgarsvæðinu sem voru samþykkt án skilyrða og fyrirhuguð kaup Samkaupa á Iceland-verslunum á Suðurnesjum og Akureyri sem voru ógilt.

Í tengslum við þessar rannsóknir hefur Samkeppniseftirlitið meðal annars verið gagnrýnt fyrir að grípa inn í vegna áhrifa samrunanna á afmörkuðum landfræðilegum mörkuðum og í sumum tilvikum gagnvart fyrirtækjum sem eru ekki markaðsráðandi. Gagnrýnin gefur tilefni til að útskýra með hvaða hætti samkeppnisyfirvöld nálgast þessi atriði.

### Markaðir oft staðbundnir

Við rannsókn á samrunum smásala horfir Samkeppniseftirlitið til þess á hvaða landfræðilega markaði, eða mörkuðum, þeir starfa. Er meðal annars lagt á það mat hvað neytendur eru tilbúnir að eyða miklum tíma í ferðalög milli verslana og hvort netverslanir séu raunhæfur valkostur. Við blasir að dagvöruverslanir á Vesturlandi veita til að mynda dagvöruverslunum á Austurlandi afar takmarkað samkeppnislegt aðhald. Hið sama á við um apótek, veitingastaði, bakarí, fiskbúðir o.s.frv. Af því má ráða að smásölumarkaðir eru oft á tíðum, eðli síns vegna, afmarkaðir við tiltekin landsvæði.

Fyrrgreindir samrunar hafa þannig verið taldir raska samkeppni í smásölu dagvöru á Suðurlandi, Suðurnesjum, Vesturlandi, Akureyri og í smásölu lyfja í Mosfellsbæ. Í öllum þessum málum lágu til grundvallar ítarlegar greiningar á staðgöngu milli keppinauta, mismunandi tegunda verslana og svæða.

Þetta er í takt við nálgun annarra samkeppnisyfirvalda. Framkvæmdastjórn ESB og bandarísk samkeppnisyfirvöld hafa almennt lagt til grundvallar að smásala lyfja afmarkist við mjög takmörkuð svæði sem samsvari 1,5 til 4 kílómetra radíus frá staðsetningu lyfjabúða. Í nýrri ákvörðun breskra samkeppnisyfirvalda vegna fyrirhugaðs samruna Asda og Sainsbury's var við afmörkun á landfræðilega markaðnum horft til verslana í allt að 15 mínútna aksturstíma frá verslunum samrunaaðila.

### Stærðin hefur ekki úrslitaáhrif

Við rannsókn á samrunum horfir Samkeppniseftirlitið ekki eingöngu til stærðar viðkomandi fyrirtækja á landsvísu heldur skipta þar höfuðmáli samkeppnisleg áhrif samrunans á viðkomandi markaði. Fyrirtæki getur verið lítið á landsvísu en mjög sterkt á einstökum svæðum. Í þeim tilvikum er horft til áhrifa samrunans á samkeppni annars vegar á landsvísu og hins vegar á tilteknum landsvæðum sem mynda sérstaka landfræðilega markaði.

Samruni Sainsbury's og Asda var ógiltur af breskum samkeppnisyfirvöldum. Í því máli var samanlögð hlutdeild fyrirtækjanna í dagvörusölu um 29%. Þrátt fyrir það var samruninn talinn raska samkeppni á 537 landfræðilega afmörkuðum svæðum í Bretlandi. Í tilviki kaupa Samkaupa á 14 verslunum af Baskó var samanlögð hlutdeild fyrirtækjanna á landsvísu á bilinu 20 til 25 prósent. Samruninn var talinn raska samkeppni á Akureyri og í Reykjanesbæ, þar sem tvær af fyrrgreindum 14 verslunum voru staðsettar, en ekki á höfuðborgarsvæðinu.

### Röskun líklegri úti á landi

Ljóst er að samrunar á smásölumörkuðum geta haft áhrif á samkeppni þrátt fyrir að fáir íbúar búi á viðkomandi svæði og viðkomandi fyrirtæki séu ekki markaðsráðandi. Raunar er líklegra að samkeppnisleg vandamál komi upp á smásölumörkuðum á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Ástæðan er sú að á landsbyggðinni starfa að öllu jöfnu færri aðilar á samþjappaðri mörkuðum. Horfi samkeppnisyfirvöld fram hjá samrunum sem raska samkeppni á fámennari stöðum mun það leiða til þess að þau svæði verða ósamkeppnishæf vegna hærra verðs en ella, minni gæða og verri þjónustu. Slík stefna samkeppnisyfirvalda væri óásættanleg og myndi skaða neytendur í dreifðari byggðum landsins.

# Stjórnlaus frekja í bullandi taprekstri

**SKOÐUN**



Þorsteinn Friðrik Halldórsson

Orðræðan í kringum nýafstaðna kjaradeilu var oft komin á furðulegar slóðir. Skemmst er þess að minnast þegar heildsölu- og framleiðslufyrirtækið ÍSAM boðaði verðhækkanir á öllum vörum í tölvupósti til viðskiptavina sinna, yrðu kjarasamningar samþykktir. Viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar voru eftir bókinni. Einn forystumaður lýsti þessum verðhækkunum sem „ógeðfelldum“ og annar sagðist ekki útiloka að félagsmenn yrðu hvattir til að sniðganga vörur fyrirtækisins. Í augum þeirra voru verðhækkanir ÍSAM stríðsyfirlýsing, eins og reyndar svo margt annað sem atvinnurekendur hafa tekið upp á undanfarin misseri.

Formaður Eflingar gengur hins vegar venjulega skrefinu lengra. Hún talaði um „ÍSAM auðvaldið“ og sagði þarna „afhjúpast afstaða þeirra sem í stjórnlausri frekju sinni trúa því af öllu hjarta að þeirra sé algjört valdið“. Sami ískyggilegi undirtónninn í skrifum formannsins sem sér aðeins svarthvítt samfélag. Hið góða gegn hinu illa. Kúgaðir gegn kúgurum sínum. Verkalýðurinn gegn ÍSAM auðvaldinu.

En arðránið virðist ekki ganga sem skyldi. Eins og Markaðurinn greindi frá í síðustu viku tapaði ÍSAM 662 milljónum króna á síðasta ári og eigendur félagsins þurftu að leggja því til 800 milljónir króna. Tapið jókst um 310 milljónir króna á milli ára. Segja má að útgerðarfjölskyldan hafi greitt með hverri seldri baunadós og hverjum seldum kexpakka.

Svona var nú staðan áður en skrifað var undir kjarasamninga sem fela í sér verulegar hækkanir á lægstu launum. Er stjórnlaus frekja að ætla að brúa risavaxið bil í rekstrinum með verðhækkunum? Aðeins í huga þeirra sem eru helteknir af hugmyndafræði stéttaátaka. ÍSAM getur ekki gert þeim til geðs með neinum hætti, nema kannski með því að hverfa af yfirborði jarðar og skilja eftir framleiðsluþættina fyrir verkafólkið.

Heildsölurisanum var í raun refsað fyrir að gera það rétta í stöðunni, þ.e. að greina frá fyrirhuguðum verðhækkunum í stað þess að fara leynt með áform sín uns samningarnir væru samþykktir. Viðsemjendur á vinnumarkaðinum höfðu þannig betri forsendur til að meta áhrif samninganna. Fleiri fyrirtæki mega fylgja fordæmi ÍSAM.



# TVEIR NÝIR



**VIDEN PRO**
*Skandinavískt útlit, mjúkar línur*
5ára ábyrgð

Kynningarverð:
**99.900 kr.**

**DENUO**
*Nýtískulegur og töff*
150kg burðargeta
5ára ábyrgð

Kynningarverð:
**119.900 kr.**

# Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 Sími: 564-5040 www.hirzlan.is



# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 12. júní 2019

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
frettabladid.is

Instagram fréttablaðsins
@frettabladid


## Minni hagnaður hjá Nova í fyrra

Hagnaður Nova nam tæplega 1,2 milljörðum króna á síðasta ári, samkvæmt nýbirtum ársreikningi fjarskiptafélagsins, og dróst saman um 19 prósent frá fyrra ári þegar hann var um 1,5 milljarðar króna.

Tekjur Nova, sem er með um þriðjungshlutdeild á íslenskum farsímamarkaði, voru tæpir 9,9 milljarðar króna í fyrra og jukust um liðlega tólf prósent frá árinu 2017 en þá námu þær 8,8 milljörðum króna.

EBITDA fjarskiptafélagsins – afkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – var jákvæð um 2,3 milljarða króna á síðasta ári. Eigið fé félagsins var 4.287 milljónir króna í lok síðasta árs og var eiginfjárhlutfallið á sama tíma 67 prósent.

Stjórn Nova leggur til að greiddur verði 750 milljóna arður til móðurfélagsins sem er í jafnri eigu eignastýringarfyrirtækisins Pt Capital annars vegar og Novator, félags Björgólfs Thors Björgólfssonar, og stjórnenda Nova hins vegar. – kij



**Margrét Tryggvadóttir, forstjóri Nova**

**11.06.2019**

**Það er fjarstæðukenndur málflutningur að halda því fram að verið sé að vinna að sæstreng með þessu. Það er hlutverk stjórnvalda að ákveða það.**



Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar

## Stjórnarmaðurinn

## Þróast eða deyja

**Með tilkomu internetsins** hafa ýmsir sjálfskipaðir spekúlantar leyft sér að rýna í framtíðina. Hefðbundnar verslanir eiga undir högg að sækja, enda hægt að nálgast nánast hvað sem er með músarsmelli á netinu.

**Ein hlið á þessu** er sýnileg á gangi um borgir. Verslunarhúsnæði sem áður þótti eftirsóknarvert stendur autt. Í nærumhverfinu nægir að nefna horn Laugavegs og Skólavörðustígs, og Bankastrætið.

**Úti í heimi** er sama saga sögð. Fyrirtæki sem áður voru blómleg leika nauðvörn. Standa frammi fyrir því að fækka verslunum eða deyja út. Gamalgrónir risar eins og House of Fraser og fleiri hafa lotið í gras. Arcadia, sem er í eigu Phillips Green og rekur meðal annars Topshop, virðist á síðustu metrunum.

**Er skýringin** virkilega svo einföld að fólk vilji einungis versla á netinu í dag? Auðvitað ekki. Fólk mun alltaf vilja upplifa verslun á eigin skinni. Snerta og þefa af vörunni. Sjá mann og annan.

**Í því samhengi** er athyglisvert að skoða afdrif gömlu góðu bókarinnar. Fyrir fáum árum virtist allt benda til þess að rafbækur myndu ganga að bókabúðinni dauðri. Hefðbundnir bóksalar börðust í bökkum. Hinum rótgróna breska bóksala Waterstones var bjargað fyrir horn á elleftu stundu.

**Þá urðu straumhvörf.** Sala hefðbundinna bóka tók að vaxa. Hlutfall rafbóka hætti að vaxa. Í Bretlandi hefur, frá 2015, orðið lítilsháttar söluaukning á hefðbundnum bókum á hverju ári. Hlutfall rafbóka hefur verið fast í tæplega fjórðungi heildarsölu.

**Breskir bóksalar**, með Waterstones í broddi fylkingar, virðast hafa fundið hinn gullna meðalveg. Bókabúðirnar eru á ný orðnar samkomustaðir. Hver Waterstones-verslun er einstök. Áfangastaður frekar en verslun. Aðrir bóksalar hafa farið sömu leið.

**Nú berast tíðindi** af því að Waterstones hafi keypt hina rótgrónu bandarísku keðju Barnes & Noble. Flytja á breska módelið vestur um haf.

**Dæmið af** Waterstones og bókinni er góð fyrirmynd fyrir þá sem berjast fyrir tilverurétti sínum í breyttum heimi. Þróast eða deyja.


UMHVERFIÐ
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is





VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2019

Jafnlaunavottun

Sanngjörn laun fyrir jafnverðmæt störf

PwC býður upp á heildstæða þjónustu í launamálum og jafnlaunavottun.
Við búum yfir áralangri reynslu og lausnum sem virka.

pwc

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Atvinnuhúsnæði

**FRÍSTUNDABIL.**
TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m2 bil.
Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m.
Lager eða geymsla.
Leiga: 99 þús. Facebook: Steinhella 14. Sími: 661-6800

**ATVINNUHÚSNÆÐI 210FM**
Til leigu ca. 210fm atvinnuhúsnæði að Skútuvogi 13, er laust. Uppl. í s. 864 1219

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
**SÍMI: 414-3000**
Gerðu verðsamanburð !

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

**VITABAR - KVÖLD OG HELGARVAKTIR**
Starfskraft vantar á kvöld og helgarvaktir. Umsækjendur þurfa að vera orðnir 20 ára.
**Umsóknir sendist á olafurt7@gmail.com**

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**













## Merkisatburðir

**1911** Melavöllurinn í Reykjavík er vígður.

**1913** Áhöfn dansks varðskips tekur bláhvítan fána af báti á Reykjavíkurhöfn. Þessi atburður ýtir mjög undir kröfur um íslenskan fána.

**1923** Kaþólska kirkjan á Íslandi er endurreist með stofnun biskupsdæmis Reykjavíkur.

**1926** Kristján 10. kemur í heimsókn til Íslands ásamt Alexandrínu drottningu og fylgdarliði. Þau fara hringferð um landið.

**1974** Jarðskjálfti upp á 6,3 stig verður í Borgarfirði. Það er sterkasti kippurinn í tveggja mánaða jarðskjálftahrinu.

**1982** Um 750.000 manns mæta í Central Park í New York-borg til að mótmæla kjarnavopnum. Meðal tónlistarmanna sem koma fram eru Jackson Browne, James Taylor, Bruce Springsteen og Linda Ronstadt.

**1987** Arkitektarnir Margrét Harðardóttir og Steve Christer hljóta fyrstu verðlaun í samkeppni um hönnun ráðhúss fyrir Reykjavík.

**1987** Ronald Reagan heldur fræga ræðu í Vestur-Berlín þar sem hann segir meðal annars „Herra Gorbatsjev, rífðu þennan vegg niður“.

**2014** Heimsmeistarakeppni í knattspyrnu karla hefst í Brasilíu.



✝

**Jón Gunnar Skúlason**
verkfræðingur,
lést 7. júní á hjúkrunarheimilinu Sóltúni. Útförin verður auglýst síðar.

**Hildigunnur Ólafsdóttir**
**Marta María Jónsdóttir**
**Jóakim Uni Arnaldarson**



✝

Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,
**Guðríður (Rúrí) Karlsdóttir**
Mosabarði 8, Hafnarfirði,
lést sunnudaginn 9. júní.
Útför verður auglýst síðar.

**Árni Rosenkjær**
**Karl Rosenkjær**
**Guðrún Hildur Rosenkjær**
**Ágústa Ýr Rosenkjær**
**Guðný Birna Rosenkjær**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Okkar ástkæri
**Jakob Gísli Þórhallsson**
lést þriðjudaginn 4. júní.
Útförin fer fram frá Langholtskirkju fimmtudaginn 13. júní kl. 13.00.

**Fríða Kristbjörg Hjálmarsdóttir**
**Ingi Þór Jakobsson** **Hanna Birna Jóhannesdóttir**
**Hreinn Jakobsson** **Aðalheiður Ásgrímsdóttir**
**Þórhallur Jakobsson** **Stefanía Bergmann Magnúsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Gerður Guðjónsdóttir**
Ártúni 7,
Selfossi,
lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands sunnudaginn 2. júní. Útförin fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 14. júní kl. 13.00.

**Jónína Sigurjónsdóttir** **Sæmundur Bjarni Ingibjartsson**
**Jón Garðar Sigurjónsson** **Ólöf Rún Tryggvadóttir**
**Ævar Smári Sigurjónsson** **Kristín Bjarnadóttir**
**Sigurður Ellert Sigurjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Maí 2002. Orri Dýrason, Jón Þór Birgisson (Jónsi), Kjartan Sveinsson og Georg Holm.** FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Ágætis byrjun orðin tvítug

**Sigur Rós býður almenningi í hlustunarpartí í Gamla bíói í kvöld til að fagna tuttugu ára afmæli plötunnar Ágætis byrjun. Georg Holm fer í huganum aftur til fortíðar.**

Hljómsveitin Sigur Rós var stofnuð árið 1994. Þá voru þrír í henni, Ágúst Ævar Gunnarsson, Georg Holm og Jón Þórir Birgisson. Sveitin var skírð í höfuðið á nýfæddri systur Jónsa. Þetta segir Google. En ég er með Georg, oft nefnda Gogga, á línunni og spyr hvernig allt hafi byrjað. „Við Ágúst vorum nágrannar og æskuvinir hér í Reykjavík en Jónsi er úr Mosfellsbænum. Það er útbreiddur misskilningur að við séum allir úr Mosó. „Fyrsta æfingin okkar, án þess að heita eitthvað sem hljómsveit, var undir verksmiðju við Skútuvoginn. Við Gústi byrjuðum þar og svo bættist Jónsi við.“

Sigur Rós er ein þekktasta hljómsveit Íslands á heimsvísu. En fyrsta giggið lofaði ekki góðu, að sögn Gogga. „Við komum fram á skemmtun í Mosfellsbænum, spiluðum tvö eða þrjú lög og gekk alveg hræðilega. Ákváðum samt að þrauka og halda samstarfinu áfram því okkur fannst við betri en þetta.“

Byrjunin var sem sagt ekkert ágæt þó að titill þriðju plötu sveitarinnar gefi það í skyn. Áður en undirbúningur hennar hófst bættist Kjartan Sveinsson í hópinn. Eftir upptökurnar hætti Ágúst og í stað hans kom Orri Páll Dýrason. Platan kom út árið 1999 og í kvöld hefst hlustunarpartí í Gamla bíói klukkan 21 í tilefni tvítugsafmælis hennar. Það er opið almenningi meðan húsrúm leyfir.

Georg segir þá félaga hafa tekið nokkur ár í að æfa. „Eftir þessa uppákomu í Mosfellsbænum spiluðum við ekkert opinberlega í tvö til þrjú ár. Vorum bæði í vinnu og skóla en nýttum hverja mínútu sem við höfðum lausa í að hittast, æfa og semja. Okkur fannst það gaman og það var tilgangurinn með þessu öllu. En eftir útkomu Ágætis byrjunar byrjaði boltinn að rúlla. Reyndar spiluðum við ekkert um tíma heldur vorum á einhverjum lögfræðibuxum að semja við plötufyrirtæki erlendis og lesa samninga, frekar leiðinlegt,“ rifjar Georg upp. „En svo tók við þriggja ára stanslaust tónleikaferðalag. Við byrjuðum í Bretlandi og fórum víðar um Evrópu. Bandaríkin komu inn seinna – en þau komu og hættu ekkert.“



**Febrúar 1995. Upphaflega sveitin. Jón Þór Birgisson (Jónsi), Georg Holm og Ágúst Ævar Gunnarsson.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Dagur

HORN HEIMSPEKINGSINS

Sigurrós á sigurgöngu

*Þeir eru nýkomnir úr tónleikaferð til Japans og eru nú í morgunsárið á leið í langa tónleikaferð um Evrópu. Þeir ætla að halda útgáfutónleika í Union Chappel í Bretlandi sem fyrir löngu er uppselt á og þeir ætla að hita upp fyrir Radio Head víða um lönd. Þeir eru hundeltir af aðdáendum. Þeir eru STJÖRNUR.*

Ágætis byrjun í Bretlandi

Japanir ætla að fjölmenna

**Úr Degi 20. ágúst 2000**

Georg kveðst ekki 100% klár á því í hversu mörgum eintökum Ágætis byrjun hefur selst. „En ég held það sé pínu slatta yfir milljón, á heimsvísu – ekki bara á Íslandi! Síðast þegar ég vissi var Takk… söluhæsta platan okkar, ef ég á að skjóta á eitthvað þá er hún í einni og hálfri milljón. Held að flestar séu í kringum það en ekki allar.“

Þeir fylgdu sem sagt vel eftir þessari ágætis byrjun. „Það var eiginlega ekki um neitt annað að ræða. Við höfðum strax sterka tilfinningu fyrir plötunni þegar við vorum að vinna hana og fólk sýndi henni líka mikinn áhuga. Þegar við byrjuðum að túra með hana voru liðin tvö ár frá því hún kom út á Íslandi, hún kom út árið 2000 í Bretlandi og 2001 í Bandaríkjunum. Þá vorum við dálítið farnir að spila önnur lög sem enduðu svo á næstu plötu. Fólki fannst það kannski svolítið skrítið en við vorum þá eiginlega komnir með leiða á sumum lögunum á Ágætis byrjun.“

**gun@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 12. JÚNÍ 1964

# Dómur féll yfir Nelson Mandela

Það var þennan dag árið 1964 sem Nelson Mandela var dæmdur í lífstíðarfangelsi. Var þessi heimsfrægi leiðtogi baráttumanna gegn aðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku dæmdur til slíkrar refsingar fyrir skemmdarverk. Mandela var sakfelldur ásamt sjö öðrum, þar á meðal fyrrverandi aðalritara hins bannaða Þjóðarráðs Afríku (ANC), en Mandela var einmitt leiðtogi þess. Stóð fjöldi fólks fyrir utan dómshúsið þegar dómur var upp kveðinn og mikill viðbúnaður lögreglu var á staðnum, en um leið og niðurstaða dómsins varð ljós brutust út gríðarleg mótmæli. Reyndar voru mótmælin ekki staðbundin, því mótmælt var um allan heim.

Mandela sat inni í 27 ár, þar sem hann eyddi langmestum tíma í þrælkunarvinnu í Robben Island-fangelsinu stutt frá Höfðaborg. Árið 1990 var Mandela látinn laus úr fangelsinu og fékk friðarverðlaun Nóbels ásamt F.W. de Klerk forseta árið 1993. Mandela var svo sjálfur kosinn forseti Suður-Afríku ári síðar, en þá áttu sér stað sögulegar kosningar, þar sem bæði svartir og hvítir hlutu kjörgengi. Mandela var sumsé fyrsti lýðræðislega kjörni forseti landsins. Mandela lét af embætti árið 1999 og lést þann 5. desember árið 2013, þá 95 ára gamall.



---



Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

**Herdís Tegeder**

Hrauntúni 13,
Vestmannaeyjum,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands Vestmannaeyjum laugardaginn 8. júní. Útförin fer fram frá Landakirkju laugardaginn 15. júní klukkan 13.
Blóm og kransar afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er vinsamlegast bent á líknarfélög í Vestmannaeyjum.

**Hermann Kristján Jónsson**
**Sigurjón Hinrik Adólfsson — Kristín Elfa Elíasdóttir**
**Gunnar Darri Adólfsson — Svava Bjarnadóttir**
**Jón Steinar Adólfsson — Júlía Elsa Friðriksdóttir**
**Edda Tegeder — María Tegeder**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Helgi Þórarinsson**

húsasmíðameistari,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð föstudaginn 7. júní.
Útför verður auglýst síðar.

**Sigríður Þorláksdóttir**
**Ólafur Helgason — Linda Sunnanväder**
**Salína Helgadóttir — Einar Long**
**Guðmundur Helgason — Hildur Jósefsdóttir**
**Þröstur Helgason — Gerður Jónsdóttir**
**Hermann Brynjólfsson — Eygló Lilja Ásmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ásta Kristjana Ólafsdóttir**

frá Þórustöðum, Bitrufirði,

lést mánudaginn 3. júní á Landspítalanum í faðmi ástvina.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 14. júní kl. 13.00.

**Ólafur Friðmar Brynjólfsson — Guðný Gunnarsdóttir**
**Danfríður Kristín Brynjólfsdóttir — Guðmundur Þór Ármannsson**
**Brynjólfur Bjarki Jensson — Helga Kristín Magnúsdóttir**
**Ingibjörg Jensdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Hilmar Pálsson**

fv. forstjóri
Brunabótafélags Íslands,

lést miðvikudaginn 5. júní.
Útför hans verður föstudaginn 14. júní klukkan 15 frá Vídalínskirkju í Garðabæ.

**Hannes Hilmarsson — Dóra Berglind Torfadóttir**
**Páll Hilmarsson — Kolbrún Jónsdóttir**
**Björn Hilmarsson — Guðrún Björk Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



Frændi okkar,

**Helgi Gunnar Þorkelsson**

skrifstofumaður,
Barmahlíð 51, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 30. maí á hjúkrunarheimilinu Sóltúni.
Útför hans fer fram föstudaginn 14. júní kl. 11 frá Háteigskirkju.

**Sigríður Helga Þorsteinsdóttir, Jón Ingi Guðmundsson**
**Þorsteinn Kári, Guðmundur Kristján og Friðgeir Ingi Jónssynir,**
**Þorsteinn, Guðrún Ása og Friðgerður Ósk Jóhannsbörn,**
**Elva Dögg Gunnarsdóttir, Vagn Leví Sigurðsson**
**og fjölskyldur.**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,

**Stefán J. Richter**

Delray Beach Florida,

lést sunnudaginn 9. júní.

**Fyrir hönd fjölskyldu,**
**börn hins látna.**

---



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigrún Rut Eyjólfsdóttir**

Lerkidal 10, Reykjanesbæ,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, fimmtudaginn 6. júní. Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju, föstudaginn 14. júní kl. 13.

**Úlfar Hermannsson**
**Eyjólfur Pálsson**
**Sigríður Stefanía Pálsdóttir — Gunnar Hans Konráðsson**
**Eyþór Árni Úlfarsson**
**Helga Sigríður Úlfarsdóttir — Helgi Kárason**
**Ólöf Marín Úlfarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Okkar ástkæri sonur, eiginmaður, faðir, tengdafaðir, bróðir og afi,

**Jóhann Hafberg Óskarsson**

Hábrekku 16,
Ólafsvík,

lést laugardaginn 8. júní. Útför hans fer fram frá Ólafsvíkurkirkju laugardaginn 15. júní kl. 13.00.

**Óskar Hafberg Þorgilsson**
**Gíslný Guðbjörnsdóttir**
**Ingibjörg E. Jóhannsdóttir — Hannes Ingi Guðmundsson**
**Jóhanna Ósk Jóhannsdóttir — Arnar Geir Sverrisson**
**Hansína Metta Jóhannsdóttir — Kristján Ingi Sigurðsson**
**Halldóra Sif Jóhannsdóttir — Sævar Þór Gíslason**
**Róbert Óskarsson — Björg Elíasdóttir**
**Georg Óskarsson — Elva Traustadóttir**
**og barnabörn.**

---



Okkar ástkæri sonur, eiginmaður og faðir,

**Gísli Kristjánsson Heimisson**

verkfræðingur,
Hverafold 31, 112 Reykjavík,

lést fimmtudaginn 6. júní 2019.
Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 14. júní klukkan 13. Þeim sem vildu minnast hans er bent á minningarsjóð líknardeildar og Heimahlynningar Landspítala, https://www.landspitali.is/um-landspitala/stydjum-starfsemina/minningarkort/

**María Gísladóttir**
**Þorgerður Ragnarsdóttir**
**María Gísladóttir**
**Grímur Gíslason**
**Ragnar Gíslason**

---



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Adam Þór Þorgeirsson**

Háholti 5, Akranesi,

lést þann 5. júní á Sjúkrahúsi Akraness.
Útförin verður frá Akraneskirkju miðvikudaginn 12. júní kl. 13.00.

**Ólöf Erna Adamsdóttir — Hreinn Haraldsson**
**Friðrik Adamsson — Lise Dandanell**
**Auður Adamsdóttir — Gunnlaugur V. Snævarr**
**Þorgeir Adamsson — Hrönn Hilmarsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

---



Okkar ástkæra

**Kristrún Inga Hannesdóttir**

Suðurbyggð 21, Akureyri,

lést þann 8. júní umkringd ástvinum á Landspítalanum við Hringbraut.
Jarðarförin fer fram í Akureyrarkirkju mánudaginn 24. júní klukkan 13.30.
Innilegar þakkir til starfsfólks gjörgæsludeildar Landspítalans fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Gylfi Gunnarsson**
**Ingibjörg Ragnarsdóttir — Axel B. Bragason**
**Albert Hannesson — Ágústa Stefánsdóttir**
**Kolbrún Hannesdóttir — Árni Grétar Árnason**
**Margrét Alma Hannesdóttir**
**Ingólfur Ragnar Axelsson**
**Bragi R. Axelsson**
**Andri, Atli, María, Bjarki og Emma**

---



Okkar ástkæra móðir,

**Jakobína Kristín Stefánsdóttir**

Hjúkrunarheimilinu Hlíð,
lengst af búsett í Aðalstræti 8
á Akureyri,

lést 27. maí síðastliðinn.
Að ósk Jakobínu fór útför hennar fram í kyrrþey.
Fjölskyldan þakkar samúð og hlýjar kveðjur frá vinum og ættingjum. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Beykihlíðar fyrir einstaka umönnun og gæsku til Bínu á undanförnum árum. Hjartans þakkir til ykkar allra.

**Anna Ringsted — Stefán Guðlaugsson**
**Guðlaug Ringsted — Gísli Sigurgeirsson**
**Sigurður Ringsted — Bryndís Kristjánsdóttir**
**og aðrir laukar frá Bínu, stórir sem smáir.**

---



Ástkær sambýlismaður minn, bróðir okkar og mágur,

**Þorsteinn Guðnason**

Eyjabakka 3,
Reykjavík,

lést á Landspítalanum 2. júní.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 14. júní kl. 15.00.

**Ósk S. Árnadóttir**
**Magnús Guðnason — Birte Nielsen**
**Bjarni Guðnason — Elínbjörg Kristjánsdóttir**
**Kristín Guðnadóttir**
**Þórný Guðnadóttir — Lúðvík I. Helgason**
**Ágúst Guðnason — Drífa Dröfn Geirsdóttir**
**Gísli Guðnason**
**Halla Guðnadóttir — Borgþór Hjörvarsson**
**Þórdís Guðnadóttir**
**og fjölskyldur.**

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 10 | 3 ↘ |
| Ísafjörður | 14 | 8 → |
| Akureyri | 17 | 3 ↙ |
| Egilsstaðir | 19 | 7 ↘ |
| Kirkjubæjarkl | 20 | 3 ↖ |
| Hveravellir | 13 | 6 ↘ |

Norðvestan 3-10 m/s. Þokubakkar við vesturströndina, annars bjart veður. Hiti víða 13 til 23 stig, hlýjast á Suðurlandi. Þykknar upp á norðaustanverðu landinu síðdegis, dálítil rigning þar í kvöld.

## Fimmtudagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 13 | 6 ↘ |
| Ísafjörður | 9 | 7 ↘ |
| Akureyri | 12 | 4 ↘ |
| Egilsstaðir | 6 | 5 ↓ |
| Kirkjubæjarkl | 13 | 5 ↖ |
| Hveravellir | 9 | 7 ↓ |

## Föstudagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 10 | 3 ↘ |
| Ísafjörður | 9 | 4 ← |
| Akureyri | 8 | 2 ↙ |
| Egilsstaðir | 5 | 6 ↓ |
| Kirkjubæjarkl | 16 | 3 ↙ |
| Hveravellir | 11 | 7 ↙ |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 8 | 5 | | | | 4 | 1 |
| 3 | | | | | | | 7 | |
| | 4 | 5 | 3 | 6 | | | 9 | |
| 8 | 6 | | 1 | 9 | | 5 | | |
| | 5 | 2 | | | | | | 4 |
| 1 | | | | | | | | |
| 2 | 8 | | | | 3 | | | 9 |
| | | 6 | 7 | | 5 | 2 | | 8 |
| | 3 | 7 | | 8 | 2 | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | 5 | | 4 | | 9 |
| 2 | | | | 4 | 6 | | | |
| 9 | | | 7 | 8 | | | | |
| | 6 | | 2 | 9 | | 5 | | |
| 3 | 8 | | 4 | | | | 6 | 2 |
| | | 7 | | 3 | 8 | | | |
| | | 3 | | | | | 7 | 1 |
| | | 2 | 1 | | | | | |
| | | | | 2 | | 3 | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | 8 | | | | 1 | 6 |
| | | 6 | | | 7 | | | 9 |
| | | | | 4 | | | 8 | |
| 1 | | | | 3 | | | | |
| | 8 | 4 | 2 | 1 | | | | 7 |
| | | | | | | | | |
| | | | | 5 | 3 | 2 | | |
| | 1 | | 7 | 8 | | | 6 | 5 |
| | 2 | 3 | | | | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. spik
5. fóstra
6. í röð
8. lyf
10. hvort
11. samtök
12. útungun
13. jurt
15. málmur
17. hótel

**LÓÐRÉTT**
1. helmingafélag
2. skref
3. gætinn
4. lofa
7. afæta
9. svikult
12. drykkur
14. stig
16. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT: 1.** skvap, **5.** ala, **6.** rs, **8.** morfín, **10.** ef, **11.** así, **12.** klak, **13.** gras, **15.** nikkel, **17.** mótel.
**LÓÐRÉTT: 1.** sameign, **2.** klof, **3.** var, **4.** prísa, **7.** snikill, **9.** falskt, **12.** kakó, **14.** rím, **16.** ee.

## Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik




Hörður Garðarsson (1.632) átti leik gegn Þór Valtýssyni á Íslandsmótinu í skák í fyrra.

**24. Bxg7! Rf8** (24.… Kxg7 25. Dxh6+ Kfh7 26. Dg6+ Kf8 27. Hae1 og vinnur). **25. Bxf8 Bxf8 26. Hg6+ Kf7 27. Hg3** og hvítur vann skömmu síðar.

**www.skak.is:** Allar helstu skákfréttirnar.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 2 | 8 | 9 | 5 | 4 | 1 | 3 |
| 4 | 8 | 3 | 7 | 1 | 6 | 2 | 5 | 9 |
| 5 | 1 | 9 | 2 | 3 | 4 | 6 | 7 | 8 |
| 9 | 2 | 8 | 5 | 4 | 3 | 1 | 6 | 7 |
| 6 | 4 | 1 | 9 | 7 | 8 | 5 | 3 | 2 |
| 3 | 5 | 7 | 6 | 2 | 1 | 8 | 9 | 4 |
| 8 | 9 | 4 | 1 | 6 | 7 | 3 | 2 | 5 |
| 1 | 7 | 5 | 3 | 8 | 2 | 9 | 4 | 6 |
| 2 | 3 | 6 | 4 | 5 | 9 | 7 | 8 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 5 | 9 | 4 | 6 | 1 | 2 | 8 | 3 |
| 8 | 4 | 2 | 9 | 7 | 3 | 1 | 5 | 6 |
| 1 | 6 | 3 | 5 | 2 | 8 | 7 | 9 | 4 |
| 9 | 7 | 4 | 1 | 3 | 5 | 6 | 2 | 8 |
| 2 | 8 | 1 | 6 | 9 | 4 | 5 | 3 | 7 |
| 5 | 3 | 6 | 7 | 8 | 2 | 9 | 4 | 1 |
| 6 | 2 | 7 | 3 | 4 | 9 | 8 | 1 | 5 |
| 3 | 9 | 5 | 8 | 1 | 7 | 4 | 6 | 2 |
| 4 | 1 | 8 | 2 | 5 | 6 | 3 | 7 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 2 | 9 | 3 | 5 | 6 | 4 | 1 | 7 |
| 3 | 1 | 6 | 7 | 8 | 4 | 2 | 5 | 9 |
| 7 | 4 | 5 | 9 | 1 | 2 | 3 | 6 | 8 |
| 5 | 7 | 1 | 8 | 2 | 9 | 6 | 3 | 4 |
| 2 | 9 | 4 | 1 | 6 | 3 | 7 | 8 | 5 |
| 6 | 8 | 3 | 5 | 4 | 7 | 9 | 2 | 1 |
| 9 | 3 | 8 | 2 | 7 | 5 | 1 | 4 | 6 |
| 1 | 6 | 2 | 4 | 9 | 8 | 5 | 7 | 3 |
| 4 | 5 | 7 | 6 | 3 | 1 | 8 | 9 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Eins og stjörnuhiminn

## Í Safnahúsinu við Hverfisgötu er sýning á íslenskum orðaforða.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Sýning á íslenskum orðaforða stendur yfir í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum stendur fyrir sýningu sem heitir Óravíddir – Orðaforðinn í nýju ljósi. Um er að ræða innsetningu á þrívíddarbirtingu orðaforðans eins og hann kemur fyrir í Íslensku orðaneti eftir Jón Hilmar Jónsson. Trausti Dagsson, verkefnisstjóri í upplýsingatækni, og Eva María Jónsdóttir kynningarstjóri unnu að sýningunni fyrir hönd stofnunarinnar.



„Þarna er um að ræða nýstárlega framsetningu á íslenska orðaforðanum,“ segir Eva María Jónsdóttir kynningarstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Nýstárleg framsetning**

„Þarna er um að ræða nýstárlega framsetningu á íslenska orðaforðanum. Hann er oftast skoðaður í lengd og breidd í orðabókum en á þeim tímum sem við lifum er allt komið inn á net. Þetta er myndbandsinnsetning og við erum að sýna íslenskt orðanet í þrívídd. Úr þessu verða til einhvers konar stjörnuþokur. Það er orð í miðjunni og öll orð sem tengjast því eru í kring og síðan tengjast orðin innbyrðis. Gestir horfa á orðin sem koma og fara, þetta er eins og að horfa upp í stjörnuhimin,“ segir Eva María. „Orðin má finna í Orðanetinu sem var opnað árið 2016 á vefnum og er öllum aðgengilegt eða öðrum orðasöfnum á vegum Árnastofnunar. Þetta eru orð sem eru bæði algeng og óalgeng, fjalla til dæmis um náttúru, veður, tilfinningar og tengjast svo innbyrðis. Sum orðin sem birt eru á sýningunni eru reyndar svo ný að þau hafa enn ekki ratað í opinber orðasöfn en eru samt í notkun á vissum sviðum.“

**Ný leið til að skoða málið**

Í gagnvirkum hluta sýningarinnar geta gestir síðan kannað vensl orða og leyft hugrenningatengslum að kvikna. „Ef einhver slær til dæmis inn „ferðamaður“ og „friður“ getur hann komist að því í gegnum hvaða orð þessi hugtök tengjast. Þeir sem hafa sérstakan áhuga á köttum geta fundið orðið „köttur“ og öll orð sem tengjast því og síðan öll orð sem tengjast orðunum sem tengjast ketti. Þetta er alveg ný leið til að skoða málið, og hún er mjög áhrifarík,“ segir Eva María.

# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

**12. JÚNÍ 2019**

## Orðsins list

**Hvað?** Menning á miðvikudögum – Hvað er að óttast?
**Hvenær?** 12.15-13.00
**Hvar?** Náttúrufræðistofan í Kópavogi, Kópavogshálsi
Hvað er fælni og af hverju óttast sumir hluti og aðstæður sem aðrir óttast almennt ekki? Óttar Birgisson sálfræðingur fjallar um ýmiskonar fóbíur og fælni. Viðburðurinn er gestum að kostnaðarlausu.

## Leiklist

**Hvað?** Ókunnugur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Frystiklefinn á Rifi
Verkið, sem er einleikur, fjallar um Meðal-Jón Meðaljónsson og varpar ljósi á ýmsar hliðar samfélagsins, samskipta og manneskjunnar. Þrjár sýningar verða á verkinu og ókeypis verður á þær allar. Sýningarnar hæfa ekki börnum innan tólf ára.

## Tónlist

**Hvað?** Tónlistardagur Halldórs Hansen barnalæknis
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Salurinn Kópavogi
Verðlaunaafhending úr Styrktarsjóði Halldórs Hansen. Herdís Anna Jónasdóttir og Bjarni Frímann Bjarnason flytja ljóðasöngva og aríur. Sverrir Guðjónsson flytur erindið Sunnudagar hjá Halldóri Hansen þar sem skyggnst er í fágætt plötusafn Halldórs. Boðið verður upp á veitingar.

**Hvað?** Svipast um eftir upphafi íslenskrar dægurtónlistar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg 10
Í leitarsveitinni eru Bjarni Guðmundsson, Jónína Erna Arnardóttir, Olgeir Helgi Ragnarsson, Ólafur Flosason, Sigurgeir Gíslason, Sigríður Ásta Olgeirsdóttir og Zsuzsanna Budai. Trausti Jónsson flytur kynningar- og inngangsorð. Aðgangseyrir er 3.000 krónur en 2.000 fyrir lífeyrisþega.

**Hvað?** Þjóðlagatónlist
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Norræna húsið í Vatnsmýrinni
Ragnheiður Gröndal syngur og spilar á píanó og Guðmundur Pétursson leikur á gítar. Þau hafa lengi haft áhuga á íslenskri þjóðlagatónlist og tjá hana á persónulegan hátt.

**Hvað?** Sigur Rós býður í hlustunarpartí
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gamla Bíó, Ingólfsstræti 2a
Partíið er haldið til að fagna 20 ára afmæli plötunnar Ágætis byrjun. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.



# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## RÚV SJÓNVARP

**12.50 Nígería - Kórea HM kvenna í fótbolta** Bein útsending frá leik á HM kvenna í fótbolta.
**14.50 Mósaík 1998-1999** Þættir frá 1998-1999 þar sem raðað er saman ýmsum brotum sem tengjast menningu og listum, auk umræðu um fróðleg og framandi mál. Umsjón hefur Jónatan Garðarsson. Dagskrárgerð: Haukur Hauksson og Þiðrik Ch. Emilsson. Stjórn útsendingar: Haukur Hauksson. e.
**15.35 Með okkar augum**
**16.05 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps** Þættir frá 2016 þar sem litið er um öxl yfir 50 ára sögu sjónvarps og fróðleg og skemmtileg augnablik rifjuð upp með myndefni úr Gullkistunni. Kynnir er Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir. Dagskrárgerð: Egill Eðvarðsson. e.
**16.20 Táknmálsfréttir**
**16.30 Grikkland - Ísland Undankeppni EM karla í handbolta** Bein útsending frá leik í undankeppni EM karla í handbolta.
**18.54 Vikinglotto**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin** Menningarþáttur þar sem fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífinu, jafnt með innslögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu. Umsjón: Bergsteinn Sigurðsson og Guðrún Sóley Gestsdóttir.
**20.00 Gríman 2019 - Íslensku sviðslistaverðlaunin** Bein útsending frá afhendingu Grímunnar, íslensku sviðslistaverðlaunanna, í Þjóðleikhúsinu. Stjórn útsendingar: Salóme Þorkelsdóttir.
**21.35 HM stofan** Samantekt á leikjum dagsins á HM kvenna í fótbolta.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Kísilkúrekar – Silicon Cowboys** Heimildarmynd um þrjá vini frá Texas sem buðu IBM, stærsta tölvuframleiðanda heims, byrginn þegar þeir þróuðu Compaq-fartölvuna og settu á markað snemma á níunda áratugnum. Leikstjóri: Jason Cohen.
**23.35 Haltu mér, slepptu mér** Margrómaðir rómantískir, breskir gamanþættir um þrjú pör sem tengjast innbyrðis í Manchester á Bretlandi. Öll eru þau á mismunandi stað í sambandinu, ýmist nýir elskendur, nýbakaðir foreldrar eða nýgift. Leikarar: James Nesbitt, Helen Baxendale, John Thomson, Fay Ripley, Robert Bathurst og Hermione Norris. e.
**00.25 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 Shoprite Classic** Útsending frá Shoprite Classic á LPGA mótaröðinni.
**10.30 Shoprite Classic**
**12.30 Shoprite Classic**
**14.30 RBC Canadian Open** Útsending frá RBC Canadian Open á PGA mótaröðinni.
**19.30 Golfing World**
**20.20 Champions Tour Highlights** Svipmyndir frá helstu mótunum í Champions Tour.
**22.05 Golfing World**
**22.55 PGA Highlights** Hápunktarnir á PGA mótunum.
**23.50 Golfing World**

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.40** The Tonight Show
**09.22** The Late Late Show
**10.02** Síminn + Spotify
**12.01** Everybody Loves Raymond
**12.23** The King of Queens
**12.46** How I Met Your Mother
**13.07** The Good Place
**13.29** Superstore
**13.50** The Kids Are Alright
**14.11** Lambið og miðin
**14.42** 90210
**16.02** Malcolm in the Middle
**16.20** Everybody Loves Raymond
**16.45** The King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** American Housewife
**20.10** Charmed
**21.00** New Amsterdam
**21.50** Bull
**22.35** Queen of the South
**23.20** The Tonight Show
**00.05** The Late Late Show
**00.50** NCIS
**01.35** NCIS. Los Angeles
**02.20** Proven Innocent
**03.05** The Resident
**03.50** FEUD
**04.45** Síminn + Spotify

## RÚV RÁS EITT

**06.45** Morgunbæn og orð dagsins
**06.50** Morgunvaktin
**07.00** Fréttir
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.00** Fréttir
**09.05** Segðu mér
**09.45** Morgunleikfimi
**10.00** Fréttir
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Á reki með KK
**11.00** Fréttir
**11.03** Mannlegi þátturinn
**12.00** Fréttir
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.40** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir
**12.55** Samfélagið
**14.00** Fréttir
**14.03** Tónlist frá A til Ö
**15.00** Fréttir
**15.03** Samtalum réttindi barna
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**17.00** Fréttir
**17.03** Lestin
**18.00** Spegillinn
**18.30** Útvarp Krakka RÚV
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.35** Mannlegi þátturinn
**21.35** Kvöldsagan. Húsið. Sögulok
**22.00** Fréttir
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Samfélagið
**23.05** Lestin
**00.00** Fréttir
**00.05** Næturútvarp Rásar 1

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.10** High Strung
**13.45** The Little Rascals Save the Day
**15.25** Carrie Pilby
**17.05** High Strung
**18.40** The Little Rascals Save the Day
**20.20** Carrie Pilby
**22.00** Bad Moms
**23.40** Annabelle. Creation
**01.30** Woodshock
**03.10** Bad Moms

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Friends
**07.45** Gilmore Girls
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Fresh Off the Boat
**10.00** Mom
**10.25** Jamie's 15 Minute Meals
**10.50** Lego Masters
**11.45** Logi
**12.35** Nágrannar
**13.00** Masterchef USA
**13.40** Margra barna mæður
**14.15** God Friended Me
**15.00** Major Crimes
**15.45** World of Dance
**16.30** Hálendisvaktin
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.50 Ísland í dag** Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
**19.05 Sportpakkinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.10** Veður
**19.15** Víkingalottó
**19.20** Mom
**19.40** Jamie's Quick and Easy Food
**20.05** The Bold Type
**20.50** The Red Line
**21.35** Gentleman Jack
**22.35** You're the Worst
**23.00** NCIS
**23.45** L.A.'S Finest
**00.30** The Blacklist
**01.15** Barry
**01.45** Lethal Weapon
**02.30** Black Widows
**03.15** Black Widows
**04.00** Black Widows
**04.45 King in the Wilderness** Vönduð heimildarmynd frá HBO sem segir frá síðustu árum í lífi Martin Luther King, Jr.

## STÖÐ 3

**19.10** Modern Family
**19.35** Bob's Burger
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Angie Tribeca
**21.15** Pretty Little Liars. The Perfectionists
**22.00** Krypton
**22.45** Westworld
**23.45** The Mindy Project
**00.10** Supergirl
**00.55** Grimm
**01.40** Seinfeld
**02.05** Tónlist

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00 Ítalía - Bosnía** Útsending frá leik í Undankeppni EM.
**08.40 Albanía - Moldóva** Útsending frá leik í Undankeppni EM.
**10.20 Ísland - Tyrkland** Útsending frá leik í Undankeppni EM.
**12.00 Undankeppni EM - Mörkin**
**12.20 Bronsleikur** Útsending frá leik um 3. sætið í Þjóðadeildinni.
**14.00 Ítalía - Bosnía**
**15.40 Albanía - Moldóva**
**17.20 Ísland - Tyrkland**
**19.00 Undankeppni EM 2020 - Markaþáttur**
**19.50 Úrslitaleikur** Útsending frá úrslitaleik Þjóðadeildarinnar.
**21.30 UFC 238. Cejudo vs Moraes**
**00.00 UFC Now** Flottir þættir þar sem farið er ítarlega í allt sem við kemur UFC og blönduðum bardagalistum.

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 96,3 FM Suðurland | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,9 Lindin |
| FM 89,5 Retro | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 99,4 Útvarp Saga | |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 95,7 FM957 | FM 97,7 X-ið | FM 100,5 K100 | |














DÚNDURFRÉTTIR
LED-ZEPPELIN
20. JÚLÍ Í ELDBORG
SÍÐAST VAR UPPSELT!
MIÐASALA Á HARPA.IS · TIX.IS OG Í SÍMA 528 50 50

25 ÁRA AFMÆLISDÝNA BETRA BAKS

Sinfonia



HÖFUM LAGT GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI Í 25 ÁR



Serta STÆRSTI DÝNUFRAMLEIÐANDI VERALDAR

**Í tilefni 25 ÁRA AFMÆLIS BETRA BAKS höfum við í náinni samvinnu við sérfræðinga SERTA, stærsta dýnuframleiðanda veraldar, sérhannað og framleitt Sinfoniu, einstaka heilsudýnu fyrir viðskiptavini sem kjósa gæði og gott verð.**

SINFONIA er einstaklega þægileg dýna með 7 hægindalögum. Lögin eru samsett úr hágæða svampi og lagi úr náttúrulegu Talalay-latexi sem saman gefa mýkt og stuðning á réttum svæðum. Sinfonia er með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi og stýrist hreyfing gormanna af mismunandi þunga líkamssvæða. Þannig veitir dýnan alltaf hárréttan stuðning. Gormakerfið er mýkra á axlasvæðum og við mjóbak til að halda réttri sveigju á líkamanum alla nóttina. Steyptar kantstyrkingar gefa þér um 25% meira svefnrými og eykur það endingu dýnunnar. Áklæðið utan um dýnuna er úr 100% bómull og andar einstaklega vel.

SERTA SINFONIA Á ÓTRÚLEGU AFMÆLISVERÐI – VERÐDÆMI

Serta Sinfonia heilsurúm með Comfort botni og fótum, 120 x 200 cm.

Aðeins 103.940 kr.

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477 | DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100 | SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566

Betra BAK

HVER VANN?

Sportið á frettabladid.is færir þér allar nýjustu fréttirnar úr heimi íþróttanna.



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



**Fjórtán heimildarmyndir og sex verk í vinnslu voru sýnd á hátíðinni í ár.** MYND/HRUND ATLADÓTTIR

# Rjómablíða á Skjaldborg



**Sólin lék við gesti hátíðarinnar í þetta skiptið.**

Þann 7.-10. júní fór íslenska heimildarmyndahátíðin Skjaldborg fram í þrettánda skipti á Patreksfirði. Veðrið lék við gesti hátíðarinnar eins og þessar ljósmyndir gefa glögga mynd af.

Heimildarmyndahátíðin Skjaldborg var haldin í þrettánda sinn nú um hvítasunnuhelgina. Í lok hátíðarinnar voru veitt áhorfendaverðlaunin Einarinn, en þau hafa verið veitt frá upphafi, og dómnefndarverðlaunin Ljóskastarinn sem veitt voru í fyrsta sinn árið 2017.

Í ár hlaut heimildarmyndin Vasúlka áhrifin eftir Hrafnhildi Gunnarsdóttur Einarinn. Hún fjallar um myndbandsverkalistafólkið og frumkvöðlana Steinu og Woody Vasúlka. Komin á áttræðisaldur og í fjárkröggum voru þau fyrir tilviljun enduruppgötvuð af listaheiminum sem þau töldu sig aldrei hluta af og skutust aftur upp á stjörnuhiminninn. Vasúlka áhrifin var kynnt sem verk í vinnslu árið 2017 og komu Vasúlka-hjónin jafnframt á hátíðina það ár sem heiðursgestir.

Heimildarmyndin Í sambandi eftir Pawel Ziemilski hlaut dómnefndarverðlaunin, Ljóskastarann, en hún fjallar um pólska íbúa á Íslandi og hvernig þeir halda tengslum við sína nánustu.

Dómnefndina skipuðu Hafsteinn Gunnar Sigurðsson, leikstjóri og einn stofnenda hátíðarinnar, Margrét Örnólfsdóttir, handritshöfundur og tónskáld, og Anna Þóra Steinþórsdóttir, leikstjóri og tvöfaldur sigurvegari á Skjaldborg 2018.

Kvenfélag bæjarins bauð upp á plokkfisk á laugardeginum og herlegheitin enduðu svo með alvöru sveitaballi með hljómsveitinni Björtum sveiflum á sunnudeginum. Helga Rakel Rafnsdóttir, einn stjórnanda hátíðarinnar, segir hátíðina hafa heppast einstaklega vel og að veðurblíðan hafi alls ekki ekki skemmt fyrir. **steingerdur@frettabladid.is**




**Kvenfélagið á Patreksfirði eldaði plokkfisk ofan í mannskapinn á laugardeginum.**




**Meðframleiðandi myndarinnar Í samband, Anton Máni Svansson, veitti ljóskastaranum viðtöku. Myndin fjallar um pólska samfélagið á Íslandi.**



**Arnar Ingi, trommari hljómsveitarinnar Bjartra sveiflna, tekur hér nokkur lauflétt dansspor.**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*


SUMAR
FIESTA
BURRITO
STAKT 999 KR.
Mjúk tortilla fyllt með krydduðu hakki, hrísgrjónum, þriggja-ostablöndu, Chipotle-sósu og Fiesta-salsa.
Hraun
MÁLTÍÐ 1799 KR.
Sumar-Fiesta burrito, nachos-flögur, ostasósa, gos og dökkt Hraun.
TACO BELL
Hafnarfirði / Grafarholti
www.tacobell.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf








Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Jónu Hrannar Bolladóttur




## Sorgarhelgi

Slysin gera ekki boð á undan sér, segjum við eftir þessa liðnu hvítasunnuhelgi og horfum raunaleg á hvert annað. Það er satt. Slysin gerast á þessu skelfilega augnabliki þegar tíminn stendur í stað, allt hljóðnar og ekkert verður framar eins og áður var.

Þegar slysin dynja yfir eiga margir um sárt að binda. Persónur kveðja, önnur liggja slösuð og ástvinir þjást og syrgja. Við hugsum líka til þeirra sem mæta fyrst á vettvang eftir að allt er breytt og fá það hlutverk að bjarga því sem bjargað verður. Þau eru fólkið sem fyrst áttar sig á því sem orðið er. Þetta fólk fær það verkefni að halda ró sinni við erfiðar aðstæður, sýna algera yfirvegun og starfa sem einn maður í þágu vonarinnar. Eitt augnablik birtist fregnin í fjölmiðlum og við finnum til. En þau sem eiga hliðstæða reynslu finna hvernig sárin opnast hið innra og gamall sársauki minnir á sig.

Á svona dögum er ég alltaf svo þakklát að búa í litlu landi þar sem áföllin verða svo miklu meira en frétt þegar samkenndin kemur eins og hlýr andvari, sorginni er deilt og engum stendur á sama. Það er rétt sem sagt er, að léttar raunir eru málgefnar en þungar sorgir þöglar. Samt verðum við að tala um flugslysið við Múlakot og ekki síst við unga fólkið okkar því við finnum öll til. Ég bið þess að himneskir og jarðneskir englar umvefji þau sem látin eru, þau sem eru slösuð og þau öll sem hafa misst. Einnig hugsum við til viðbragðsaðilanna allra sem hafa lagt mikið af mörkum og gert sitt besta. Öll slys af þessu tagi búa í minni þjóðarinnar líkt og ör á þjóðarlíkamanum. Hvítasunnuhelgin 2019, með blíðviðri sínu og sól, verður um ókomna tíð sorgarhelgi í minni þjóðarinnar.








